

EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins

Nr. 59

13. árgangur

30.11.2006

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	EES-ráðið	
	2.	Sameiginlega EES-nefndin	
	3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
	4.	Ráðgjafarnefnd EES	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2006/EES/59/01		Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 1/2004/SC frá 5. febrúar 2004 um stofnun skrifstofu fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfisins	1
2006/EES/59/02		Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 2/2005/SC frá 28. apríl 2005 um endurskoðun sem fara skal fram á rekstri fjármagnskerfisins og verkefnum sem falla undir það	3
2006/EES/59/03		Breytingar á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls	5
2006/EES/59/04		EMAS – Skrá umhverfisstjórnunarkerfis bandalagsins (EMAS) um skráð athafnasvæði í Noregi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001	6
2006/EES/59/05		Undirnefnd I um fjálssa vöruflutninga – Lyf – Skrá um markaðsleyfi sem gefin voru út í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, á seinna helmingi ársins 2005	8
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
2006/EES/59/06		Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA – Leiðbeiningar um hugtakið áhrif á viðskipti eins og það er notað í 53. og 54. gr. EES-samningsins	18
	3.	EFTA-dómstóllinn	

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

2006/EES/59/07	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.3958 – Arcadis/ Dura Vermeer/Imtech/Asset Rail/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	37
2006/EES/59/08	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4359 – Petroplus/ ExxonMobil) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	38
2006/EES/59/09	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4376 – Dresdner Bank/Gazprombank/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	39
2006/EES/59/10	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4401 – Basell/ Münchsmünster Cracker and associated assets)	40
2006/EES/59/11	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4408 – Tata/ Corus) . □	41
2006/EES/59/12	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4415 – Motorola/ Symbol) □	42
2006/EES/59/13	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4426 – SABIC/ Huntsman Petrochemicals UK)	43
2006/EES/59/14	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4427 – SHV/ Mammoet) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	44
2006/EES/59/15	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4446 – Arrow Electronics/InTechnology) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	45
2006/EES/59/16	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4459 – Rettig Capital/Ahlström Capital/Nordkalk) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	46
2006/EES/59/17	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4466 – HTA/ CDPQ/KVW/BAA Budapest Airport) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	47
2006/EES/59/18	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4472 – William Hill/Codere/JV) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	48
2006/EES/59/19	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4473 – MLCP/ CIR/Oakwood) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	49
2006/EES/59/20	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4474 – BC Partners/Techem) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	50
2006/EES/59/21	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4478 – KKR/ Goldman Sachs/Kion)	51

2006/EES/59/22	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4479 – News Corporation/Jamba/Ojom) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	52
2006/EES/59/23	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4481 – Onex Corporation/Sitel Corporation) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	53
2006/EES/59/24	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4483 – Avnet/Access) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	54
2006/EES/59/25	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál COMP/M.4492 – Candover/Ferretti) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	55
2006/EES/59/26	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd tilskipunar ráðsins 87/404/EBE frá 25. júní 1987 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi einföld þrýstihylki	56

3. Dómstóllinn

EFTA-STOFNANIR

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

ÁKVÖRÐUN FASTANEFNDAR EFTA-RÍKJANNA
nr. 1/2004/SC

2006/EES/59/01

frá 5. febrúar 2004

um stofnun skrifstofu fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfisins

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRÐUN

að teknu tilliti til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „EES-samningurinn“,

að teknu tilliti til samningsins um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, er nefnist hér á eftir „samningurinn um stækkun EES“,

að teknu tilliti til bókunar 38a um fjármagnskerfi EES, sem bættist við EES-samninginn samkvæmt ákvæðum samningsins um stækkun EES,

að teknu tilliti til samnings Konungsríkisins Noregs og Evrópubandalagsins um norskt fjármagnskerfi fyrir árin 2004–2009,

og að teknu tilliti til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkja nr. 4/2003/SC frá 4. desember 2003 um skipan bráðabirgðanefndar til að stýra fjármagnskerfi EES.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

1. Stofnuð skal skrifstofa fyrir fjármagnskerfi EES fyrir árin 2004–2009 og norska fjármagnskerfið.
2. Skrifstofan skal vinna að rekstri fjármagnskerfis EES og norska fjármagnskerfisins.
3. Skrifstofan skal einnig vinna að rekstri fjármagnskerfis EES fyrir árin 1999–2003 og fjármagnskerfis fyrir árin 1994–1998.
4. Sú deild EFTA-skrifstofunnar, sem nú sinnir rekstri fjármagnskerfanna, skal sameinuð nýju skrifstofunni. Að því er varðar fjármagnskerfi EES skal skrifstofan heyra undir bráðabirgðanefnd til að stýra fjármagnskerfi EES þar til samningurinn um stækkun EES öðlast gildi, en eftir það undir hina nýju nefnd til að stýra fjármagnskerfi EES.
5. Að því er varðar norska fjármagnskerfið skal skrifstofan heyra undir stjórnvöld í Noregi.
6. Skrifstofan skal rekin sem hluti EFTA-skrifstofunnar. Skrifstofan hefur sjálfstæðan fjárhag og bera sjóðirnir kostnaðinn af rekstri hennar í hlutfalli við kostnað vegna hvers sjóðs um sig.

7. Fastanefndin skipar yfirmann skrifstofunnar samkvæmt tilnefningu bráðabirgðanefndar til að stýra fjármagnskerfi EES.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2004.

Fyrir hönd fastanefndarinnar

Formaður

Nikulás prins af Liechtenstein

Framkvæmdastjóri

W. Rossier

ÁKVÖRÐUN FASTANEFNDAR EFTA-RÍKJANNA
nr. 2/2005/SC

2006/EES/59/02

frá 28. apríl 2005

um endurskoðun sem fara skal fram á rekstri fjármagnskerfisins og verkefnum sem falla undir það

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

að teknu tilliti til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „EES-samningurinn“, og ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 47/2000 frá 22. maí 2000 um stofnun fjármagnskerfis EES,

að teknu tilliti til ákvörðunar fastanefndar EFTA-ríkja nr. 1/2000/SC frá 2. október 2000 um skipan nefndar til að stýra fjármagnskerfum EES,

og að teknu tilliti til ákvörðunar nefndar um eftirlitsstofnum og dómstól 5/2002 og ákvörðunar EFTA-ráðsins nr. 2 frá 2002 sem kemur í stað ákvörðunar EFTA-ráðsins nr. 6 og ákvörðunar nefndar um eftirlitsstofnum og dómstól frá 1998.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Endurskoðunarnefndin hefur æðsta úrskurðarvald vegna endurskoðunar sem fram fer á rekstri fjármagnskerfisins og verkefnum sem falla undir það.

2. gr.

EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES-samningnum, skulu öll eiga fulltrúa í endurskoðunarnefndinni þegar hún vinnur að endurskoðun á rekstri fjármagnskerfisins og/eða verkefnum sem falla undir það.

3. gr.

Í endurskoðunarnefndinni skulu sitja ríkisborgarar EFTA-ríkja sem eiga aðild að EES-samningnum, og skulu þeir eftir því sem kostur er sóttir til æðstu endurskoðunarstofnana EFTA-ríkja. Enginn vafi má leika á sjálfstæði þeirra. Engan starfsmann EFTA má skipa endurskoðanda fyrr en þrjú ár eru liðin frá því að hann lauk störfum hjá einhverri af stofnunum EFTA.

4. gr.

Fastanefnd EFTA-ríkja skal skipa endurskoðendur til setu í endurskoðunarnefndinni sem endurskoða á rekstur fjármagnskerfisins og/eða verkefni sem falla undir það. Skipunartími þeirra skal jafnan vera fjögur ár. Að jafnaði skal aðeins endurskipa nefndarmenn einu sinni. Nefndarmenn, sem fastanefnd EFTA-ríkja skipa, mega vera hinir sömu og nefnd um eftirlitsstofnun og dómstól skipar á grundvelli ákvörðunar þeirrar nefndar 5/2002.

5. gr.

Nefndarmenn endurskoðunarnefndarinnar skulu njóta fullkomins sjálfstæðis í störfum sínum.

6. gr.

Kostnaður endurskoðunarnefndarinnar af viðeigandi og hæfilega nákvæmri endurskoðun á rekstri fjármagnskerfisins og/eða verkefnum sem falla undir það skal greiddur af því fé sem er til ráðstöfunar til rekstrar fjármagnskerfisins. Að fenginni tillögu endurskoðunarnefndarinnar skal fastanefndin taka ákvörðun um fjárveitingu í þessum tilgangi.

7. gr.

Endurskoðunarnefndinni er heimilt að kveðja sér til aðstoðar utanaðkomandi sérfræðinga. Slíkir utanaðkomandi sérfræðingar verða að fullnægja sömu skilyrðum um sjálfstæði og nefndarmenn sjálfir.

8. gr.

Endurskoðunarnefndin heyrir undir fastanefnd EFTA-ríkjana að því er varðar endurskoðun sem fram fer á rekstri fjármagnskerfisins og verkefnum sem falla undir það. Hún getur gert tillögur um viðeigandi ráðstafanir.

9. gr.

Endurskoðunarnefndin skal setja sér málsmeðferðarreglur að því er varðar endurskoðun á rekstri fjármagnskerfisins og verkefnum sem falla undir það og leggja þær fyrir fastanefnd EFTA-ríkjana til staðfestingar.

10. gr.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

11. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2005.

Fyrir hönd fastanefndarinnar

Formaður

B. Grydeland, sendiherra

Framkvæmdastjóri

W. Rossier

**Breytingar á samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar
og dómstóls****2006/EES/59/03**

Hinn 27. mars 2006 öðluðust gildi samningar um breyting á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, er undirritaðir voru í Brussel hinn 11. mars 2005 og hinn 10. mars 2006.

Samningar þessir hafa nú verið birtir á vefsetri EFTA-skrifstofunnar ásamt dagréttri og samsteyptri útgáfu samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Eftirfarandi slóðir vísa á skjölin:

<http://secretariat.efta.int/Web/legaldocuments/ESAAndEFTACourtAgreement/Amendments>

og <http://secretariat.efta.int/Web/legaldocuments/ESAAndEFTACourtAgreement/Documents/>

EMAS

2006/EES/59/04

Skrá umhverfisstjórnunarkerfis bandalagsins (EMAS) um skráð athafnasvæði í Noregi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001

Skráningarnúmer	Heiti og heimilisfang fyrirtækis	Sími Bréfasími Netfang	Tengiliður	Atvinnugrein
NO-000005	Kraft Foods Norge AS , avd Disenå N-2114 Disenå	+47/62 96 82 00 +47/62 96 82 50 kmellem@krafteurope.com	Kari Benterud Mellem	15.31
NO-000015	Rescon Mapei AS Vallsetveien 6 N-2120 Sagstua	+47/62 97 20 00 +47/62 97 20 99 alan.ulstad@resconmapei.no	Alan K. Ulstad	24.66
NO-000016	Håg ASA Sundveien N-7460 Røros	+47/72 40 72 00 +47/72 40 72 72 mbf@hag.no	Maj Britt Fjerdingen	36.11
NO-000017	Gyproc AS Habornv 59 N-1631 Gamle Fredrikstad	+47/69 35 75 00 +47/69 35 75 01 gyprocno@gyproc.com	Jon Gjerløw	26.62
NO-000034	Savo AS Fyrstikkbakken 7 N-0667 Oslo	+47/22 91 67 00 +47/22 63 12 09	Birgit Madsen	31.11
NO-000044	Hydro Aluminium Profiler AS , Magnor Gautstadveien N-2240 Magnor	+47/62 83 34 15 +47/62 83 33 00 oyvind.aasen@hydro.com	Øyvind Aasen	27.422
NO-000059	Ørsta Gruppen AS N-6151 Ørsta	+47/70 04 70 00 +47/70 04 70 04 firmapost@orstastaal.no	Rolf O. Hjelle	28.1
NO-000063	Pyrox AS N-5685 Uggdal	+47/53 43 04 00 +47/53 43 04 04	Eirik Helgesen	29.2
NO-000071	Forestia AS Avd Kvam N-2650 Kvam	+47/62 42 82 00 +47/61 29 25 30 kvam@forestia.com	Harvey Rønningen	20.200
NO-000083	Total E & P Norge AS Finnestadveien 44 N-4029 Stavanger	+47/51 50 39 18 +47/51 50 31 40 firmapost@ep.total.no	Ulf Einar Moltu	11.100
NO-000085	Kähns Brumunddal AS Nygata 4 N-2380 Brumunddal	+47/62 36 23 00 +47/62 36 23 01	Knut Midtbruket	20.200
NO-000086	Grøset Trykk AS N-2260 Kirkenær	+47/62 94 65 00 +47/62 99 65 01 firmapost@groset.no	Mari L Breen	22.22
NO-000087	Norske Skogindustrier ASA Follum N-3505 Hønefoss	+47/32 11 21 00 +47/32 11 22 00 astrid.broch-due@norske-skog.com	Astrid Broch-Due	21.12
NO-000090	AS Oppland Metall Mattisrudsvingen 2 N-2827 Hunndalen	+47/61 18 76 70 +47/61 17 04 71 firmapost@opplandmetall.no	Knut Sørli	37.00, 60.2
NO-000092	Forestia AS Braskereidfoss N-2435 Braskereidfoss	+47/62 42 82 00 +47/62 42 82 78 braskereidfoss@forestia.com	Per Olav Løken	20.200
NO-000095	Grip Senter Storgata 23 C N-0184 Oslo	+47/22 97 98 00 +47/22 42 75 10 eva-britt.isager@grip.no	Eva Britt Isager	74.2

Skráningarnúmer	Heiti og heimilisfang fyrirtækis	Sími Bréfasími Netfang	Tengiliður	Atvinnugrein
NO-000096	Gjøvik Land og Toten Interkommunale Avfallsselskap DA Dalborgmarka 100 N-2827 Hunndalen	+47/61 14 55 80 +47/61 13 22 45 post@gl-avfall.no	Bjørn E. Berg	90
NO-000097	Hydro Polymers AS Rafnes N-3966 Stathelle	+47/35 00 60 94 +47/35 00 52 98 nils.eirik.stamland@hydro.com	Nils Eirik Stamland	24.140

UNDIRNEFND I UM FRJÁLSA VÖRUFLUTNINGA

2006/EES/59/05

LYF

Skrá um markaðsleyfi sem gefin voru út í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, á seinna helmingi ársins 2005**Til staðfestingar í sameiginlegu EES-nefndinni**

Með tilvísun til ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/1999 frá 28. maí 1999 er því beint til nefndarinnar að hún staðfesti, á fundi sínum hinn 2. júní 2006, eftirfarandi skrár um markaðsleyfi fyrir lyfjum sem gefin voru út frá 1. júní til 31. desember 2005:

- | | |
|--------------|---|
| I. viðauki | Skrá um <i>ný</i> markaðsleyfi |
| II. viðauki | Skrá um <i>endurnýjuð</i> markaðsleyfi |
| III. viðauki | Skrá um <i>framlengd</i> markaðsleyfi |
| IV. viðauki | Skrá um <i>afturkölluð</i> markaðsleyfi |
| V. viðauki | Skrá um markaðsleyfi sem <i>felld hafa verið niður tímabundið</i> |

I. VIÐAUKI

1. Ný markaðsleyfi

Eftirtalin markaðsleyfi voru gefin út í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, frá 1. júní til 31. desember 2005:

ESB-númer	Vara	Land	Útgáfudagur leyfis
EU/1/00/129/001-003	Azopt	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/00/131/001-030	PegIntron	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/134/008-011	Lantus	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/135/002	DaTSCAN	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/142/009-010	NovoMix	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/142/011-016	NovoMix	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/00/142/017-022	NovoMix	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/01/198/007-010	Glivec	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/02/215/001/NO-010/NO	Pritor Plus	Noregur	7.9.2005
EU/1/02/227/003	Neulasta	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/02/228/003	Neupopeg	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/03/255/001-003	Ventavis	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/03/258/013-014	Avandamet	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/03/263/001-003/IS	Dukoral, Suspension of vaccine and effervescent granules for oral solution	Ísland	6.10.2005
EU/1/03/265/003-004	Bonviva	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/03/266/003-004	Bondenza	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/03/269/001	Faslodex	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/03/270/003	Kentera	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/04/276/021-032	Abilify	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/04/276/033-035	Abilify	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/04/279/030-032	Lyrica	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/04/280/007	Yentreve	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/04/283/007	Ariclaim	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/04/289/002	Angiox	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/04/296/005-006	Cymbalta	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/04/297/005-006	Xeristar	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/05/310/001/NO-005/NO	Fosavance	Noregur	6.9.2005
EU/1/05/310/001-005	Fosavance	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/05/310/001-005/IS	Fosavance tablets	Ísland	20.9.2005
EU/1/05/311/001/NO-003/NO	Tarceva	Noregur	26.9.2005
EU/1/05/311/001-003	Tarceva	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/05/311/001-003/IS	Tarceva	Ísland	18.10.2005
EU/1/05/312/001/IS	Xyrem	Ísland	18.11.2005
EU/1/05/312/001/NO	Xyrem	Noregur	18.11.2005
EU/1/05/313/001/NO-009/NO	Vasovist	Noregur	14.10.2005
EU/1/05/313/001-009	Vasovist	Liechtenstein	30.11.2005

ESB-númer	Vara	Land	Útgáfudagur leyfis
EU/1/05/313/001-009/IS	Vasovist	Ísland	2.11.2005
EU/1/05/314/001	Kepivance	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/05/314/001/IS	Kepivance	Ísland	24.11.2005
EU/1/05/314/001/NO	Kepivance	Noregur	22.11.2005
EU/1/05/315/001	Aptivus	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/05/315/001/IS	Aptivus	Ísland	25.11.2005
EU/1/05/315/001/NO	Aptivus	Noregur	2.11.2005
EU/1/05/316/001/NO-014/NO	Procoralan	Noregur	10.11.2005
EU/1/05/316/001-014	Procoralan	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/05/316/001-014/IS	Procoralan	Ísland	24.11.2005
EU/1/05/317/001/NO-014/NO	Corlantor	Noregur	10.11.2005
EU/1/05/317/001-014	Corlantor	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/05/317/001-014/IS	Corlantor	Ísland	24.11.2005
EU/1/05/318/001	Revatio	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/05/318/001/IS	Revatio	Ísland	28.11.2005
EU/1/05/318/001/NO	Revatio	Noregur	11.11.2005
EU/1/05/319/001/NO-002/NO	Xolair	Noregur	7.11.2005
EU/1/05/319/001-002	Xolair	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/05/319/001-002/IS	Xolair	Ísland	25.11.2005
EU/1/05/320/001	Noxafil	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/05/320/001/IS	Noxafil	Ísland	20.11.2005
EU/1/05/320/001/NO	Noxafil	Noregur	23.11.2005
EU/1/05/321/001	Posaconazole SP	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/05/321/001/IS	Posaconazole SP	Ísland	24.11.2005
EU/1/05/321/001/NO	Posaconazole SP	Noregur	23.11.2005
EU/2/01/030/003-004	Virbagen Omega	Liechtenstein	30.9.2005
EU/2/04/047/001-002/IS	Purevax RCPCh Fel V, powder and solv. for susp. for injection	Ísland	30.6.2005
EU/2/04/048/001-002/IS	Purevax RCP Fel V, powder and solv. for susp. for injection	Ísland	30.6.2005
EU/2/04/049/001-002/IS	Purevax RCCh, powder and solvent for suspension for injection	Ísland	30.6.2005
EU/2/04/050/001-002/IS	Purevax RCPCh, powder and solv. for susp. for injection	Ísland	30.6.2005
EU/2/04/051/001-002/IS	Purevax RC, powder and solvent for suspension for injection	Ísland	30.6.2005
EU/2/04/052/001-002/IS	Purevax RCP, powder and solvent for suspension for injection	Ísland	30.6.2005
EU/2/05/053/001	Naxcel	Liechtenstein	31.7.2005
EU/2/05/053/001/IS	Naxcel, suspension for injection	Ísland	9.6.2005
EU/2/05/053/001/NO	Naxcel	Noregur	17.6.2005
EU/2/05/054/001/NO-017/NO	Profender	Noregur	30.8.2005
EU/2/05/054/001-017	Profender	Liechtenstein	30.9.2005
EU/2/05/054/001-017/IS	Profender Spot-on solution	Ísland	26.8.2005

ESB-númer	Vara	Land	Útgáfudagur leyfis
EU/2/05/055/001/NO-002/NO	Equilis TE	Noregur	12.8.2005
EU/2/05/055/001-002	Equilis Te	Liechtenstein	30.9.2005
EU/2/05/055/001-002/IS	Equilis Te, susp. for injection	Ísland	2.8.2005
EU/2/05/056/001/NO-002/NO	Equilis Prequenza	Noregur	12.8.2005
EU/2/05/056/001-002	Equilis Prequenza	Liechtenstein	30.9.2005
EU/2/05/056/001-002/IS	Equilis Prequenza, susp. for injection	Ísland	2.8.2005
EU/2/05/057/001/NO-002/NO	Equilis Prequenza Te	Noregur	12.8.2005
EU/2/05/057/001-002	Equilis Prequenza Te	Liechtenstein	30.9.2005
EU/2/05/057/001-002/IS	Equilis Prequenza Te, susp. for injection	Ísland	2.8.2005
EU/2/97/004/011	Metacam	Liechtenstein	31.7.2005
EU/2/97/004/012-013	Metacam	Liechtenstein	30.9.2005

II. VIÐAUKI

2. Endurnýjuð markaðsleyfi

Eftirtalin markaðsleyfi voru endurnýjuð í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, frá 1. júní til 31. desember 2005:

ESB-númer	Vara	Land	Dagsetning endurnýjunar
EU/1/00/129/001/NO-003/NO	Azopt	Noregur	30.6.2005
EU/1/00/129/001-003/IS	Azopt, eye drops, suspension, 1%	Ísland	30.6.2005
EU/1/00/131/001/NO-050/NO	PegIntron	Noregur	24.6.2005
EU/1/00/131/001-050/IS	PegIntron	Ísland	28.6.2005
EU/1/00/131/031-050	PegIntron	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/132/001/NO-050/NO	ViraferonPeg	Noregur	24.6.2005
EU/1/00/132/001-050	ViraferonPeg	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/00/132/001-050/IS	ViraferonPeg	Ísland	28.6.2005
EU/1/00/133/001/NO-008/NO	Optisulin	Noregur	27.7.2005
EU/1/00/133/001-008	Optisulin	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/133/001-008/IS	Optisulin	Ísland	29.8.2005
EU/1/00/134/001/NO-029/NO	Lantus	Noregur	27.7.2005
EU/1/00/134/001-007, 012-029	Lantus	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/134/001-029/IS	Lantus	Ísland	29.8.2005
EU/1/00/135/001	DaTSCAN	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/135/001/NO-002/NO	DaTSCAN	Noregur	20.9.2005
EU/1/00/135/001-002/IS	DaTSCAN	Ísland	11.10.2005
EU/1/00/137/001/NO-012/NO	Avandia	Noregur	27.7.2005
EU/1/00/137/001-012	Avandia	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/137/001-012/IS	Avandia	Ísland	16.9.2005
EU/1/00/140/001	Visudyne	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/00/140/001/IS	Visudyne 15 mg Powder for solution for injection	Ísland	14.7.2005
EU/1/00/140/001/NO	Visudyne	Noregur	27.7.2005
EU/1/00/141/001	Myocet	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/141/001/IS	Myocet	Ísland	13.10.2005
EU/1/00/141/001/NO	Myocet	Noregur	28.9.2005
EU/1/00/142/004/NO-005/NO	NovoMix Penfill	Noregur	13.10.2005
EU/1/00/142/004-005	NovoMIx	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/142/004-005/IS	NovoMix 30 Penfill	Ísland	21.10.2005
EU/1/00/142/009/NO-010/NO	NovoMix Flexpen	Noregur	13.10.2005
EU/1/00/142/009-010/IS	NovoMix 30 FlexPen	Ísland	21.10.2005
EU/1/00/143/001/NO-006/NO	Kogenate Bayer	Noregur	7.9.2005
EU/1/00/143/001-006	Kogenate	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/143/001-006/IS	Kogenate Bayer	Ísland	7.10.2005
EU/1/00/144/001/NO-003/NO	Helixate NexGen	Noregur	7.9.2005
EU/1/00/144/001-003	Helixate	Liechtenstein	30.9.2005

ESB-númer	Vara	Land	Dagsetning endurnýjunar
EU/1/00/144/001-003/IS	Helixate NexGen	Ísland	7.10.2005
EU/1/00/145/001	Herceptin	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/145/001/IS	Herceptin	Ísland	28.11.2005
EU/1/00/145/001/NO	Herceptin	Noregur	23.9.2005
EU/1/00/146/001/NO-029/NO	Keppra	Noregur	8.8.2005
EU/1/00/146/001-029	Keppra	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/00/146/001-029/IS	Keppra	Ísland	12.9.2005
EU/1/00/148/001/NO-004/NO	Agenerase	Noregur	12.12.2005
EU/1/00/148/001-004	Agenerase	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/00/148/001-004/IS	Agenerase	Ísland	16.12.2005
EU/1/00/149/001	Panretin	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/00/149/001/IS	Panretin	Ísland	16.12.2005
EU/1/00/149/001/NO	Panretin	Noregur	9.12.2005
EU/1/00/150/001/NO-015/NO	Actos	Noregur	2.11.2005
EU/1/00/150/001-015	Actos	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/00/150/001-015/IS	Actos	Ísland	11.11.2005
EU/1/00/151/001/NO-013/NO	Glustin	Noregur	2.11.2005
EU/1/00/151/001-013	Glustin	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/00/151/001-013/IS	Glustin	Ísland	11.11.2005
EU/1/00/152/001-018	Infanrix hexa	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/00/153/001-010	Infanrix penta	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/00/153/001-010/IS	Infanrix penta	Ísland	16.12.2005
EU/1/00/153/001-010/NO	Infanrix penta	Noregur	7.12.2005
EU/1/00/152/001-018/NO	Infanrix Hexa	Noregur	7.12.2005
EU/1/95/001/001, 003-005, 009, 012, 021-022, 025-028, 031-035/IS	Gonal-F	Ísland	15.11.2005
EU/1/95/001/001/NO	Gonal-F	Noregur	11.11.2005
EU/1/95/001/003/NO-006/NO	Gonal-F	Noregur	11.11.2005
EU/1/95/001/009/NO	Gonal-F	Noregur	11.11.2005
EU/1/95/001/012/NO	Gonal-F	Noregur	11.11.2005
EU/1/95/001/021/NO-022/NO	Gonal-F	Noregur	11.11.2005
EU/1/95/001/025/NO-028/NO	Gonal-F	Noregur	11.11.2005
EU/1/95/001/031/NO-035/NO	Gonal-F	Noregur	11.11.2005
EU/1/98/093/002	Forcaltonin	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/99/127/001/NO-044/NO	IntronA	Noregur	20.6.2005
EU/1/99/127/001-044	IntronA	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/99/127/001-044/IS	IntronA	Ísland	27.6.2005
EU/1/99/128/001/NO-037/NO	Viraferon	Noregur	20.6.2005
EU/1/99/128/001-037	Viraferon	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/99/128/001-037/IS	Viraferon	Ísland	27.6.2005

ESB-númer	Vara	Land	Dagsetning endurnýjunar
EU/2/00/018/001	Incurin	Liechtenstein	31.7.2005
EU/2/00/018/001/NO	Incurin	Noregur	16.6.2005
EU/2/00/022//002b-03a	Ibaflin	Liechtenstein	30.9.2005
EU/2/00/022/001/NO-017/NO	Ibaflin	Noregur	31.8.2005
EU/2/00/022/001-017/IS	Ibaflin	Ísland	15.7.2005
EU/2/00/022/001a	Ibaflin	Liechtenstein	30.9.2005
EU/2/00/022/001b-02a	Ibaflin	Liechtenstein	30.9.2005
EU/2/00/022/003b-04a	Ibaflin	Liechtenstein	30.9.2005
EU/2/00/022/004b	Ibaflin	Liechtenstein	30.9.2005
EU/2/00/022/005-017	Ibaflin	Liechtenstein	30.9.2005
EU/2/00/024/001/IS	Pruban	Ísland	16.12.2005
EU/2/99/016/001/NO-006/NO	Porcilis Pesti	Noregur	18.7.2005
EU/2/99/016/001-006	Porcilis Pesti	Liechtenstein	31.7.2005
EU/2/99/016/001-006/IS	Porcilis Pesti	Ísland	13.7.2005
EU/2/99/017/001/NO-006/NO	Ibraxion	Noregur	2.6.2005

III. VIÐAUKI

3. Framlengd markaðsleyfi

Eftirtalin markaðsleyfi voru framlengd í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, frá 1. júní til 31. desember 2005:

ESB-númer	Vara	Land	Dagsetning framlengingar
EU/1/00/142/011/NO-013/NO	NovoMix Penfill50	Noregur	1.11.2005
EU/1/00/142/011-013/IS	NovoMix 50 Penfill suspension for injection	Ísland	5.10.2005
EU/1/00/142/014/NO-016/NO	NovoMix Flexpen 50	Noregur	1.11.2005
EU/1/00/142/014-016/IS	NovoMix 50 FlexPen suspension for injection	Ísland	5.10.2005
EU/1/00/142/017/NO-019/NO	NovoMix Penfill70	Noregur	1.11.2005
EU/1/00/142/017-019/IS	NovoMix 70 Penfill suspension for injection	Ísland	5.10.2005
EU/1/00/142/020/NO-022/NO	NovoMix Flexpen 70	Noregur	1.11.2005
EU/1/00/142/020-022/IS	NovoMix 70 FlexPen suspension for injection	Ísland	5.10.2005
EU/1/03/265/003/NO-004/NO	Bonviva, film-coated tablets	Noregur	28.9.2005
EU/1/03/265/003-004/IS	Bonviva, film-coated tablets	Ísland	25.10.2005
EU/1/03/266/003/NO-004/NO	Bondenza, film-coated tablets	Noregur	28.9.2005
EU/1/03/266/003-004/IS	Bondenza, film-coated tablets	Ísland	21.10.2005
EU/1/04/276/021/NO-023/NO	Abilify, orodispersible tablet 5 mg	Noregur	18.7.2005
EU/1/04/276/021-023/IS	Abilify, orodispersible tablet 5 mg	Ísland	14.7.2005
EU/1/04/276/024/NO-026/NO	Abilify, orodispersible tablet 10 mg	Noregur	18.7.2005
EU/1/04/276/024-026/IS	Abilify, orodispersible tablet 10 mg	Ísland	14.7.2005
EU/1/04/276/027/NO-029/NO	Abilify, orodispersible tablet 15 mg	Noregur	18.7.2005
EU/1/04/276/027-029/IS	Abilify, orodispersible tablet 15 mg	Ísland	14.7.2005
EU/1/04/276/030/NO-032/NO	Abilify, orodispersible tablet 30 mg	Noregur	18.7.2005
EU/1/04/276/030-032/IS	Abilify, orodispersible tablet 30 mg	Ísland	14.7.2005
EU/1/04/276/033/NO-035/NO	Abilify 1mg/ml, oral solution	Noregur	9.11.2005
EU/1/04/276/033-035/IS	Abilify 1 mg/ml, oral solution	Ísland	1.12.2005
EU/1/96/026/002/IS	Invirase, filmcoated tablet 500 mg	Ísland	19.7.2005
EU/1/96/026/002/NO	Invirase	Noregur	9.6.2005
EU/2/97/004/012/NO-013/NO	Metacam, 0,5 mg/ml oral suspension for dogs	Noregur	5.9.2005
EU/2/97/004/012-013/IS	Metacam, 0,5 mg/ml oral suspension for dogs	Ísland	2.9.2005

IV. VIÐAUKI

4. Afturkölluð markaðsleyfi

Eftirtalin markaðsleyfi voru afturkölluð í EFTA-rikinum, sem eiga aðild að EES, frá 1. júní til 31. desember 2005:

ESB-númer	Vara	Land	Dagsetning afturköllunar
EU/1/00/158/001-034/IS	Opulis	Ísland	9.9.2005
EU/1/00/168/001/NO-006/NO	Tenecteplase	Noregur	9.8.2005
EU/1/00/168/001-006	Tenecteplase	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/02/208/001-008/IS	Xapit	Ísland	9.9.2005
EU/1/02/210/001/NO-008/NO	Rayzon	Noregur	22.7.2005
EU/1/02/210/001-008	Rayzon	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/02/210/001-008/IS	Rayzon	Ísland	5.7.2005
EU/1/02/242/001-024	Valdyn	Liechtenstein	30.9.2005
EU/1/02/242/001-024/IS	Valdyn, filmcoated tablets	Ísland	5.7.2005
EU/1/02/244/001/NO-024/NO	Valdyn	Noregur	22.7.2005
EU/1/02/244/001-024/IS	Valdyn	Liechtenstein	31.7.2005
EU/1/96/009/010/NO-017/NO	Zerit	Noregur	30.9.2005
EU/1/96/009/010-017/IS	Zerit prolonged-release capsules	Ísland	29.11.2005
EU/1/96/023/001	Cea-Scan	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/96/023/001/IS	CEA-Scan	Ísland	9.11.2005
EU/1/97/048/001-014/IS	Infanrix HepB, suspension for injection	Ísland	15.6.2005
EU/2/00/023/001-003	Pulsaflox	Liechtenstein	30.11.2005

V. VIÐAUKI

5. Markaðsleyfi sem felld hafa verið niður tímabundið

Eftirtalin markaðsleyfi voru felld niður tímabundið í EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES, frá 1. júní til 31. desember 2005:

ESB-númer	Vara	Land	Dagsetning afturköllunar
EU/1/00/147/001/NO-012/NO	Hexavac	Noregur	17.11.2005
EU/1/00/147/001-008	Hexavac	Liechtenstein	30.11.2005
EU/1/00/147/001-008/IS	Hexavac	Ísland	17.11.2005

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

TILKYNNING EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2006/EES/59/06

Leiðbeiningar um hugtakið áhrif á viðskipti eins og það er notað í 53. og 54. gr. EES-samningsins

- A. Þessi tilkynning er gefin út í samræmi við ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði (nefnist hér „EES-samningurinn“) og samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (nefnist hér „samningurinn um eftirlitsstofnun og dómstól“).
- B. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (nefnist hér „framkvæmdastjórnin“) hefur gefið út tilkynningu með heitinu „Leiðbeiningar um hugtakið áhrif á viðskipti eins og það er notað í 81. og 82. gr. EB-sáttmálans“⁽¹⁾. Sú gerð er ekki bindandi en í henni er að finna megin sjónarmið um túlkun hugtaksins „áhrif á viðskipti“ eins og það er notað í 81. og 82. gr. EB-sáttmálans. Tilkynningunni er jafnframt ætlað að gera grein fyrir aðferðum sem notaðar eru þegar hugtakinu „áhrif á viðskipti“ er beitt og veita leiðbeiningar um beitingu þess.
- C. Að áliti Eftirlitsstofnunar EFTA varðar ofangreind gerð Evrópska efnahagssvæðið. Tilkynning þessi er gefin út í því skyni að viðhalda jafngildum samkeppnisráðgjörðum og tryggja að samkeppnisreglum EES-samningsins sé beitt með sama hætti á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Byggt er á valdheimildum Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Stofnunin mun styðjast við sjónarmið og reglur, sem mælt er fyrir um í tilkynningunni, þegar viðeigandi reglum EES-samningsins er beitt í einstökum málum⁽²⁾.
- D. Í tilkynningunni er nánar tiltekið að finna megin sjónarmið um túlkun hugtaksins „áhrif á viðskipti“ eins og það er notað í 53. og 54. gr. EB-sáttmálans. Tilkynningunni er jafnframt ætlað að gera grein fyrir aðferðum sem notaðar eru þegar hugtakinu „áhrif á viðskipti“ er beitt og veita leiðbeiningar um beitingu þess.
- E. Tilkynningin varðar mál sem falla undir lögsögu eftirlitsstofnunarinnar samkvæmt 56. gr. EES-samningsins.

1. INNGANGUR

1. Ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins varða lárétta og lóðrétta samninga og aðgerðir sem fyrirtæki stofna til og „geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila“.
2. Inntak og umfang hugtaksins áhrif á viðskipti milli samningsaðila EES-samningsins (nefnast hér „EES-ríkin“) hefur þegar verið skýrt efnislega með túlkun EFTA-dómstólsins á 53. og 54. gr. EES-samningsins og dómstóla Evrópubandalaganna á samsvarandi ákvæðum í 81. og 82. gr. EB-sáttmálans⁽³⁾.
3. Í þessum leiðbeiningum koma fram megin sjónarmið sem EFTA-dómstóllinn og dómstólar Evrópubandalaganna hafa mótað í tengslum við túlkun hugtaksins „áhrif á viðskipti“ eins og það er notað í 53. og 54. gr. EB-sáttmálans og samsvarandi ákvæðum EB-sáttmálans. Jafnframt er gerð grein fyrir reglu sem nota má til að meta hvenær ólíklegt er að samningar geti í almennum atriðum haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna (reglan um engin merkjanleg áhrif á viðskipti eða EMÁV-reglan). Leiðbeiningunum er ekki ætlað að vera tæmandi. Markmiðið er

⁽¹⁾ Stjóð. ESB C 101, 27.4.2004, bls. 81.

⁽²⁾ Í einstökum málum, sem falla undir ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins, skipta Eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin með sér lögsögu í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 56. gr. EES-samningsins. Hvert einstakt mál getur aðeins fallið undir lögsögu annarrar þessara tveggja eftirlitsstofnana.

⁽³⁾ Í 6. gr. EES-samningsins er kveðið á um að með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni beri við framkvæmd og beitingu ákvæða EES-samningsins að túlka þau ákvæði, sem séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Evrópubandalagsins og stofnsáttmála Kóla- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála, í samræmi við þá dóma Dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag EES-samningsins. Af ákvæðum 2. mgr. 3. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól leiðir að Eftirlitsstofnun EFTA og EFTA-dómstólinum ber að taka tilhlýðilegt tillit til þeirra lagasjónarmiða sem fram koma í þeim dómum Dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir eru upp eftir undirritunardag EES-samningsins.

að gera grein fyrir aðferðum sem notaðar eru þegar hugtakinu áhrif á viðskipti er beitt og veita leiðbeiningar um beitingu þess við aðstæður sem oft koma upp. Þótt leiðbeiningarnar séu ekki bindandi fyrir dómstóla og stjórnvöld EFTA-ríkjanna er þeim einnig ætlað að leiðbeina þeim um beitingu hugtaksins áhrif á viðskipti eins og það er notað í 53. og 54. gr. EES-samningsins.

4. Í þessum leiðbeiningum er ekki fjallað um hvað teljist merkjanleg takmörkun á samkeppni samkvæmt 1. mgr. 53. gr. Hér er um að ræða annað atriði en hvort tiltekinn samningur geti haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna og er fjallað um það í tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA „um minniháttar samninga sem takmarka samkeppni ekki merkjanlega samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins“⁽⁴⁾ (svonefnd „minniháttarregla“). Leiðbeiningunum er ekki heldur ætlað að skýra hugtakið áhrif á viðskipti eins og það er notað í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins sem fjallar um ríkisaðstoð.
5. Þessar leiðbeiningar, m.a. EMÁV-reglan, eru settar fram með fyrirvara um hugsanlega túlkun EFTA-dómstólsins, Dómstóls Evrópubandalaganna og Dómstóls Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi á 53. og 54. gr. EES-samningsins.

2. SKILYRÐIÐ UM ÁHRIF Á VIÐSKIPTI

2.1. Meginsjónarmið

6. Í 1. mgr. 53. gr. segir: „Eftirfarandi skal bannað og talið ósamrýmanlegt framkvæmd samnings þessa: allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli samningsaðila og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað á því svæði sem samningur þessi tekur til.“ Til einföldunar er orðið „samningar“ notað sem samheiti fyrir hugtökin „samningar, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir“.
7. Í 54. gr. segir svo: „Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu á svæðinu sem samningur þessi tekur til, eða verulegum hluta þess, er ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa og því bönnuð að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“ Í því sem á eftir fer vísar orðið „aðgerðir“ til framferðis markaðsráðandi fyrirtækja.
8. Skilyrðið um áhrif á viðskipti afmarkar einnig gildissvið 3. gr. í II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól (nefnist hér „II. kafli“) um framkvæmd samkeppnisreglna sem mælt er fyrir um í 53. og 54. gr. EES-samningsins⁽⁵⁾.
9. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. í II. kafla er samkeppnisfyrivöldum og dómstólum í EFTA-ríkjunum skylt að beita 53. gr. á samninga, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, sem geta haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna í skilningi þess ákvæðis, þegar samkeppnisákvæðum landsréttar er beitt á samninga, ákvarðanir eða samstilltar aðgerðir af því tagi. Með sama hætti er samkeppnisfyrivöldum og dómstólum í EFTA-ríkjunum skylt að beita 54. gr. EES-samningsins þegar samkeppnisákvæðum landsréttar er beitt gagnvart misnotkun sem lagt er bann við í 54. gr. EES-samningsins. Þetta merkir að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. er samkeppnisfyrivöldum og dómstólum í EFTA-ríkjunum skylt að beita einnig ákvæðum 53. og 54. gr. þegar samkeppnisákvæðum landsréttar er beitt gagnvart samningum og misnotkun sem geta haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkja. Aftur á móti er samkeppnisfyrivöldum og dómstólum í EFTA-ríkjunum ekki skylt samkvæmt 1. mgr. 3. gr. að beita einnig samkeppnisákvæðum landsréttar þegar ákvæðum 53. og 54. gr. er beitt gagnvart samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum sem geta haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkja. Í slíkum tilvikum er þeim heimilt að beita eingöngu EES-samkeppnisreglum.

⁽⁴⁾ Tilkynning Eftirlitsstofnunar EFTA um minniháttar samninga sem takmarka samkeppni ekki merkjanlega samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, Stjtið. ESB C 67, 20.3.2003, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 15, 20.3.2003, bls. 11.

⁽⁵⁾ Eftir að samningur um breytingu á bókun 4 við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 24. september 2004 hefur öðlast gildi mun II. kafli bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól endurspegla að verulegu leyti í EFTA-stoðinni reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2003 (Stjtið. ESB L 1, 4.1. 2003, bls. 1).

10. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 3. gr. má beiting samkeppnisákvæða landsréttar ekki leiða til banns við samningum, ákvörðunum samtaka fyrirtækja eða samstilltra aðgerða sem geta haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkja en takmarka ekki samkeppni í skilningi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins eða fullnægja skilyrðum 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins eða falla undir gerð sem samsvarar bandalagsreglugerð sem varðar beitingu 3. mgr. 81. EB-sáttmálans og um getur í XIV. viðauka við EES-samninginn. Samkvæmt ákvæðum II. kafla er EFTA-ríkjunum þó heimilt að setja í landslög strangara bann eða viðurlög við einhliða framferði fyrirtækja og beita slíkum reglum á sínu yfirlýðingarsvæði.
11. Loks er rétt að nefna að í 3. mgr. 3. gr. í II. kafla er kveðið á um að með fyrirvara um grundvallarreglur EES-samningsins og önnur ákvæði hans skuli 1. og 2. mgr. 3. gr. ekki beitt þegar samkeppnisyfirlýðing og dómstólar í EFTA-ríkjunum beita samrunareglum landsréttar, og að þau hindri ekki beitingu ákvæða í landsrétti sem hafa fyrst og fremst önnur markmið en 53. og 54. gr. EES-samningsins.
12. Skilyrðið um áhrif á viðskipti er sjálfstætt skilyrði EES-réttar og ber að meta það með sjálfstæðum hætti í hverju máli. Hér er um að ræða skilyrði sem afmarkar lögsögu að því er snertir gildissvið EES-samkeppnisréttar⁽⁶⁾. EES-samkeppnisréttur gildir ekki um samninga og aðgerðir sem geta ekki haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna.
13. Skilyrðið um áhrif á viðskipti takmarkar gildissvið 53. og 54. gr. við samninga og aðgerðir sem geta haft áhrif umfram tiltekið lágmark á viðskipti milli landa á því landsvæði sem EES-samningurinn tekur til („EES“ í því sem hér fer á eftir). Hugsanleg áhrif samningsins eða aðgerðarinnar á viðskipti milli EES-ríkjanna verða að vera „merkjanleg“⁽⁷⁾.
14. Að því er varðar 53. gr. EES-samningsins er það samningurinn sem verður að geta haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Ekki er gerð krafa um að hver einstakur hluti samningsins, m.a. hugsanleg takmörkun á samkeppni sem getur leitt af samningnum, geti haft slík áhrif⁽⁸⁾. Ef samningurinn í heild getur haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna fellur hann allur undir ákvæði EES-réttar, einnig þeir hlutar hans sem hafa ekki einir og sér áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Ef samningstengsl sömu aðila taka til fleiri en einnar tegundar starfsemi er það gert að skilyrði fyrir því að þessari mismunandi tegundir starfsemi teljist tilheyra einum og sama samningi að bein tengsl séu á milli þeirra og þær séu órjúfanlegur þáttur í sama heildarviðskiptasamstarfi⁽⁹⁾. Að öðrum kosti flokkast hver tegund starfsemi sem sérstakur samningur.
15. Ekki skiptir heldur máli hvort aðild eins tiltekins fyrirtækis að samningnum hefur merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna⁽¹⁰⁾. Fyrirtæki kemst ekki undan lögsögu EES-réttar af þeirri ástæðu einni að eigið framlag þess til samnings, sem getur haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna, er óverulegt.
16. Til þess að lögsaga EES-réttar verði virk er ekki nauðsynlegt að unnt sé að sýna fram á tengsl milli hinnar meintu samkeppnistakmörkunar og þess að samningurinn getur haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Samningar geta haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna þótt þeir takmarki ekki samkeppni. Dæmi um þetta eru samningar um sérvalda dreifingu sem byggjast á því að dreifingaraðilar eru valdir eingöngu samkvæmt eiginleikum sem unnt er að réttlæta með tilvísun til eðlis vörunnar. Þótt slíkir samningar takmarki ekki samkeppni í skilningi 1. mgr. 53. gr. geta þeir engu að síður haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Meintar takmarkanir, sem leiðir af samningi, geta þó verið skýr vísbending um hvort samningurinn getur haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Til að mynda getur dreifingarsamningur, sem bannar útflutning, haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna samkvæmt eðli sínu, þótt óvist sé að slík áhrif séu merkjanleg⁽¹¹⁾.

⁽⁶⁾ Sjá t.d. sameinuð mál 56/64 og 58/64, Consten og Grundig, [1966] ECR bls. 429, og sameinuð mál 6/73 og 7/73, Commercial Solvents, [1974] ECR bls. 223.

⁽⁷⁾ Sjá í þessu tilliti mál 22/71, Béguelin, [1971] ECR bls. 949, 16. mgr., og ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA í NSF-málinu, Stjtið. ESB L 284, 16.10.1997, bls. 68, 77. mgr.

⁽⁸⁾ Sjá mál 193/83, Windsurfing, [1986] ECR bls. 611, 96. mgr., og mál T-77/94, Vereniging van Groothandelaren in Bloemkwekerijprodukten, [1997] ECR II-759, 126. mgr.

⁽⁹⁾ Sjá 142.–144. mgr. dóms í málinu Vereniging van Groothandelaren in Bloemkwekerijprodukteten sem vísað er til í undanfarandi neðanmálgrein.

⁽¹⁰⁾ Sjá t.d. mál T-2/89, Petrofina, [1991] ECR II-1087, 226. mgr.

⁽¹¹⁾ Fjallað er um skilgreiningu á því hvort um merkjanleg áhrif er að ræða í undirkafla 2.4 hér á eftir.

17. Að því er varðar ákvæði 54. gr. er það misnotkun sem verður að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Þetta merkir þó ekki að meta þurfi sérstaklega hvern einstakan þátt í hátterni fyrirtækjanna. Þegar um ræðir framferði, sem er þáttur í heildarstefnu markaðsráðandi fyrirtækis, verður að meta það með hliðsjón af afleiðingum þess í heild. Ef markaðsráðandi fyrirtæki nýtir sér ýmiss konar aðgerðir til að ná sama markmiði, til dæmis í því skyni að hrekja keppinauta af markaði eða útiloka þá frá markaði, er nægilegt til þess að beita megi 54. gr. á allar aðgerðir, sem eru liðir í slíkri heildarstefnu, að ein þessara aðgerða hið minnsta geti haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna ⁽¹²⁾.
18. Það leiðir af orðalagi 53. og 54. gr. EES-samningsins og dómaframkvæmd dómstóla Evrópubandalaganna að hafa ber í huga eftirtalin þrjú atriði sérstaklega þegar skilyrðinu um áhrif á viðskipti er beitt:
- Hugtakið „viðskipti milli samningsaðila“
 - Orðalagið „geta haft áhrif“
 - Hvort um merkjanleg áhrif er að ræða

2.2. Hugtakið „viðskipti milli samningsaðila“

19. Hugtakið „viðskipti“ er ekki bundið við hefðbundna sölu á vörum og þjónustu milli landa ⁽¹³⁾. Hér er um að ræða víðara hugtak sem tekur til hvers kyns atvinnustarfsemi sem nær til fleiri en eins lands, að meðtalinni staðfestu ⁽¹⁴⁾. Þessi túlkun er í samræmi við það grundvallarmarkmið EES-samningsins að stuðla að frjálsum vöru- og fólksflutningum, frjálsri þjónustustarfsemi og frjálsum fjármagnsflutningum.
20. Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd tekur hugtakið „viðskipti“ einnig til atvika þar sem samningar eða aðgerðir hafa áhrif á samkeppnisaðstæður á markaði. Samningar og aðgerðir, sem hafa áhrif á samkeppnisaðstæður á Evrópska efnahagssvæðinu með því að hrekja keppinaut, sem starfar á Evrópska efnahagssvæðinu, af markaði eða valda hættu á slíku, geta fallið undir EES-samkeppnisreglur ⁽¹⁵⁾. Ef fyrirtæki er hrakið af markaði, eða hætta er á að það gerist, hefur það áhrif á samkeppnisaðstæður á Evrópska efnahagssvæðinu og jafnframt á atvinnustarfseminu sem fyrirtækið stundar.
21. Sú krafa að áhrifin skuli vera á viðskipti „milli samningsaðila“ felur í sér að þau verða að ná til atvinnustarfsemi sem felur í sér viðskipti milli a.m.k. tveggja EES-ríkja. Ekki er nauðsynlegt að samningurinn eða aðgerðin hafi áhrif á viðskipti milli eins EES-ríkis í heild og annars EES-ríkis í heild. Ákvæði 53. og 54. gr. geta einnig átt við þegar um ræðir hluta af EES-ríki, að því tilskildu að um merkjanleg áhrif á viðskipti sé að ræða ⁽¹⁶⁾.
22. Beiting skilyrðisins um áhrif á viðskipti er óháð því hvernig viðkomandi landfræðilegir markaðir eru skilgreindir. Einnig geta viðskipti milli EES-ríkjanna orðið fyrir áhrifum þótt hinn viðkomandi markaður taki aðeins til eins lands eða einstakra hluta þess ⁽¹⁷⁾.

2.3. Orðalagið „geta haft áhrif“

23. Orðalagið „geta haft áhrif“ er notað til að skilgreina eðli hinna tilskildu áhrifa á viðskipti milli EES-ríkjanna. Samkvæmt stöðluðu prófi, sem Dómstóll Evrópubandalaganna hefur mótað, felur orðalagið „geta haft áhrif“ í sér það skilyrði að unnt sé að sjá fyrir með nægilegum líkum, samkvæmt ákveðnum hlutlægum laga- eða málsatvikaviðmiðum, að samningurinn eða aðgerðin geti haft áhrif, bein eða óbein, raunveruleg eða hugsanleg, á mynstur viðskipta milli EES-

⁽¹²⁾ Sjá í þessu tilliti mál 85/76, Hoffmann-La Roche, [1979] ECR bls. 461, 126. mgr.

⁽¹³⁾ Í þessum leiðbeiningum nær hugtakið „vara“ bæði til vöru og þjónustu.

⁽¹⁴⁾ Sjá mál 172/80, Züchner, [1981] ECR bls. 2021, 18. mgr. Sjá einnig mál C-309/99, Wouters, [2002] ECR I-1577, 95. mgr., mál C-475/99, Ambulanz Glöckner, [2001] ECR I-8089, 49. mgr., sameinuð mál C-215/96 og 216/96, Bagnasco, [1999] ECR I-135, 51. mgr., mál C-55/96, Job Centre, [1997] ECR I-7119, 37. mgr., og mál C-41/90, Höfner og Elser, [1991] ECR I-1979, 33. mgr.

⁽¹⁵⁾ Sjá t.d. sameinuð mál T-24/93 o.fl., Compagnie maritime belge, [1996] ECR II-1201, 203. mgr., og 23. mgr. dóms í málinu Commercial Solvents sem vísað er til í 6. nmgr.

⁽¹⁶⁾ Sjá t.d. sameinuð mál T-213/95 og T-18/96, SCK og FNK, [1997] ECR II-1739, og undirkafla 3.2.4 og 3.2.6 hér á eftir.

⁽¹⁷⁾ Sjá undirkafla 3.2 hér á eftir.

ríkjanna ⁽¹⁸⁾ ⁽¹⁹⁾. Eins og minnst var á í 20. mgr. hefur Dómstóll Evrópubandalaganna einnig mótað próf sem byggist á því hvort samningurinn eða aðgerðin hefur áhrif á samkeppnisaðstæður á markaði. Í þeim tilvikum að samningurinn eða aðgerðin getur haft áhrif á samkeppnisaðstæður á markaði á Evrópska efnahagssvæðinu verður lögsaga EES-réttar virk.

24. Hér á eftir er fjallað um helstu þætti svonefnds „prófs á viðskiptamynstri“, sem Dómstóll Evrópubandalaganna hefur mótað, en þeir eru sem hér segir:
- „Nægilegar líkur samkvæmt hlutlægum laga- eða málsatvikaviðmiðum“
 - Áhrif á „viðskiptamynstur“ milli EES-ríkjanna
 - „Bein eða óbein, raunveruleg eða hugsanleg, áhrif“ á viðskiptamynstrið

2.3.1. Nægilegar líkur samkvæmt hlutlægum laga- eða málsatvikaviðmiðum

25. Mat á áhrifum á viðskipti er byggt á hlutlægum viðmiðum. Þess er ekki krafist að sýnt sé fram á ásetning fyrirtækjanna sem eiga hlut að máli. Ef vísbendingar liggja hins vegar fyrir um að fyrirtækin hafi ætlað að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna, til að mynda með tilraunum til að hindra útflutning til annarra EES-ríkja eða innflutning þaðan, er það atriði sem hefur þýðingu og ber að taka tillit til þess.
26. Í orðunum „geta haft áhrif“ og tilvísun Dómstóls Evrópubandalaganna til hugtaksins „nægilegar líkur“ felst að ekki er nauðsynlegt til að lögsaga EES-réttar verði virk að samningurinn eða aðgerðin muni hafa eða hafi haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Nægilegt er að samningurinn eða aðgerðin „sé til þess fallin(n)“ að hafa slík áhrif ⁽²⁰⁾.
27. Hvorki er skylt né nauðsynlegt að reikna hversu umfangsmikil viðskipti hafi í reynd orðið fyrir áhrifum af samningnum eða aðgerðinni. Þegar um ræðir samninga um bann við útflutningi til annarra EES-ríkja þarf til að mynda ekki að meta hversu umfangsmikil samhliða viðskipti hefðu orðið milli hlutaðeigandi EES-ríkja ef enginn samningur hefði verið í gildi. Þessi túlkun er í samræmi við lögsöguákvæðandi eðli skilyrðisins um áhrif á viðskipti. Lögsaga EES-réttar tekur til þeirra flokka samninga og aðgerða sem geta haft áhrif á viðskipti milli landa, óháð því hvort tiltekinn samningur eða aðgerð hefur slík áhrif í raun.
28. Mat samkvæmt skilyrðinu um áhrif á viðskipti byggist á ýmsum mismunandi þáttum sem óvíst er að hafi úrslitaáhrif hver um sig ⁽²¹⁾. Meðal þátta, sem hafa þýðingu, eru eðli samningsins og aðgerðarinnar, eðli vörunnar sem samningurinn eða aðgerðin tekur til og staða og mikilvægi hlutaðeigandi fyrirtækja ⁽²²⁾.
29. Eðli samningsins og aðgerðarinnar er vísbending um tilhneigingu samningsins eða aðgerðarinnar til að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna á grundvelli tegundar viðskiptanna. Sumir samningar og aðgerðir geta samkvæmt eðli sínu haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna, en í öðrum tilvikum er þörf á nákvæmari greiningu til að skera úr um þetta. Dæmi um hið fyrrnefnda er ólögmætt samráð um viðskipti milli landa, en dæmi um hið síðarnefnda eru sameiginleg fyrirtæki sem eru bundin við yfirráðasvæði eins EES-ríkis. Nánar er tekið á þessu atriði í 3. þætti hér á eftir, en þar er fjallað um mismunandi flokka samninga og aðgerða.

⁽¹⁸⁾ Sjá t.d. dóm í Züchner-málinu sem vísað er til í 14. mgr. og mál 319/82, Kerpen & Kerpen, [1983] ECR 4173, sameinuð mál 240/82 o.fl., Stichting Sigarettenindustrie, [1985] ECR bls. 3831, 48. mgr., og sameinuð mál T-25/95 o.fl., Cimenteries CBR, [2000] ECR II-491, 3930. mgr.

⁽¹⁹⁾ Í sumum dómum sem tengjast lödréttum samningum hefur Dómstóll Evrópubandalaganna bætt því við að samningurinn hafi getað unnið gegn markmiðum hins sameiginlega markaðar aðildarríkja EB, sjá t.d. mál T-62/98, Volkswagen, [2000] ECR II-2707, 179. mgr., og 47. mgr. dómsins í Bagnasco-málinu sem vísað er til í 14. mgr., og mál 56/65, Société Technique Minière, [1966] ECR 337. Áhrif samnings á framkvæmd EES-samningsins er því atriði sem unnt er að taka tillit til.

⁽²⁰⁾ Sjá t.d. mál E-7-01, Hegelstad Eiendomsselskap Arvid B. Hegelstad o.fl. og Hydro Texaco AS, [2002] EFTA Court Report bls. 310 og mál T-228/97, Irish Sugar, [1999] ECR II-2969, 170. mgr., og mál 19/77, Miller, [1978] ECR 131, 15. mgr.

⁽²¹⁾ Sjá t.d. mál C-250/92, Gottrup-Klim, [1994] ECR II-5641, 54. mgr.

⁽²²⁾ Sjá t.d. mál C-306/96, Javico, [1998] ECR I-1983, 17. mgr., og 18. mgr. dóms í Béguelin-málinu sem vísað er til í 7. mgr.

30. Eðli vörunnar, sem samningarnir eða aðgerðirnar taka til, er einnig vísbending um hvort viðskipti milli EES-ríkjanna geta orðið fyrir áhrifum. Þegar vörunnar eru þess eðlis að auðvelt er að stunda viðskipti með þær milli landa eða þær eru mikilvægar fyrirtækjum sem hyggjast hefja starfsemi í öðrum EES-ríkjum eða auka starfsemi sína þar er auðveldara að sýna fram á að lögsaga EES-réttar sé virk en þegar vörunnar eru þess eðlis að lítil eftirspurn er eftir vörum frá birgjum í öðrum EES-ríkjum eða vörunnar hafa lítið gildi fyrir fyrirtæki sem hyggjast opna starfsstöð í öðru landi eða auka starfsemi sína í slíkri starfsstöð⁽²³⁾. Undir staðfestu fellur opnun fyrirtækja í einu EES-ríki á starfsstöðvum, útibúum eða dótturfyrirtækjum í öðru EES-ríki.
31. Markaðsstaða hlutaðeigandi fyrirtækja og söluumsvif þeirra eru vísbending um tilhneigingu samningsins eða aðgerðarinnar til að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna á grundvelli umfangs viðskiptanna. Þetta atriði er órjúfanlegur þáttur í mati á því hvort áhrif á viðskipti eru merkjanleg og er fjallað um það í lið 2.4 hér á eftir.
32. Auk þeirra atriða, sem þegar hefur verið getið, er nauðsynlegt að hafa hliðsjón af lagaákvæðum og málsvikum sem mynda umhverfi samningsins eða aðgerðarinnar. Þau atriði í efnahagslegu og lagalegu umhverfi, sem máli skipta, veita innsýn í það hver áhrifin geta orðið á viðskipti milli EES-ríkjanna. Ef hindranir eru fyrir hendi, sem koma í veg fyrir öll milliríkjavíðskipti milli EES-ríkja og varða ekki samninginn eða aðgerðina, geta viðskipti því aðeins orðið fyrir áhrifum ef líklegt er að þær hindranir hverfi innan fyrirsjáanlegrar framtíðar. Ef hindranirnar koma ekki í veg fyrir öll viðskipti heldur gera milliríkjavíðskipti aðeins torveldari er afar mikilvægt að tryggja að samningar og aðgerðir hindri slík viðskipti ekki enn frekar. Ef samningar og aðgerðir hindra viðskipti á þann hátt geta komið fram áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna.

2.3.2. Áhrif á „viðskiptamynstur“ milli EES-ríkjanna

33. Til þess að ákvæði 53. og 54. gr. geti átt við verður að vera um að ræða áhrif á „viðskiptamynstur“ milli EES-ríkjanna.
34. Hugtakið „viðskiptamynstur“ er hlutlaust. Það er ekki skilyrði að viðskipti séu takmörkuð eða að þau dragist saman⁽²⁴⁾. Viðskiptamynstur geta einnig orðið fyrir áhrifum þegar samningur eða aðgerð leiðir til aukinna viðskipta. Raunar verður lögsaga EES-réttar virk ef líklegt er að viðskipti milli EES-ríkjanna þróist á annan hátt vegna samningsins eða aðgerðarinnar en telja má að orðið hefði ef samningurinn eða aðgerðin hefði ekki komið til⁽²⁵⁾.
35. Þessi túlkun endurspeglar þá staðreynd að skilyrðið um áhrif á viðskipti afmarkar gildissvið EES-réttar með því að greina á milli þeirra samninga og aðgerða, sem geta haft áhrif á milliríkjavíðskipti og réttlæta því rannsókn samkvæmt samkeppnisreglum EES, og samninga og aðgerða sem gera það ekki.

2.3.3. „Bein eða óbein, raunveruleg eða hugsanleg, áhrif“ á viðskiptamynstrið

36. Áhrif samninga og aðgerða á viðskiptamynstur milli EES-ríkjanna geta verið „bein eða óbein, raunveruleg eða hugsanleg“.
37. Bein áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna koma venjulega fram í tengslum við vörur sem samningur eða aðgerð tekur til. Ef framleiðendur tiltekinnar vöru í mismunandi EES-ríkjum koma sér til að mynda saman um að skipta mörkuðum á milli sín hefur það bein áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna á markaði fyrir þær vörur. Annað dæmi um bein áhrif er þegar birgir bindur afslátt til dreifingaraðila við vörur sem seldar eru í því EES-ríki sem dreifingaraðilarnir hafa aðsetur í. Slíkar aðgerðir hækka hlutfallslega verð á vörum sem ætlaðar eru til útflutnings og draga þannig úr arðsemi og samkeppnishæfni útflutningsviðskipta.
38. Óbein áhrif koma oft fram í tengslum við vörur sem eru skyldar þeim sem samningur eða aðgerð tekur til. Til dæmis geta óbein áhrif komið fram þegar samningur eða aðgerð verkar á milliríkjastarfsemi fyrirtækja sem nota vörunnar, sem samningurinn eða aðgerðin tekur til, eða

⁽²³⁾ Sbr. í þessu tilliti dóma í Bagnasco- og Wouters-málunum sem vísað er til í 14. mgr.

⁽²⁴⁾ Sjá t.d. mál T-141/89, Tréfileurope, [1995] ECR II-791, mál T-29/92, Vereniging van Samenwerkende Prijsregelende Organisaties in de Bouwnijverheid (SPO), [1995] ECR II-289, að því er varðaði útflutning, og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í málinu Volkswagen (II), Stjtið. ESB L 262, 2.10.2001, bls. 14.

⁽²⁵⁾ Sjá í þessu tilliti mál 71/74, Frubo, [1975] ECR 563, 38. mgr., sameinuð mál 209/78 o.fl., Van Landewyck, [1980] ECR 3125, 172. mgr., mál T-61/89, Dansk Pelsdyravler Forening, [1992] ECR II-1931, 143. mgr., og mál T-65/89, BPB Industries og British Gypsum, [1993] ECR II-389, 135. mgr.

reiða sig á þær með öðrum hætti ⁽²⁶⁾. Dæmi um slík áhrif eru þegar samningur eða aðgerð varðar hálfunna vöru sem er ekki á markaði en er notuð sem aðföng fullunninnar vöru sem er á markaði. Á grundvelli samsvarandi ákvæða í 81. gr. EB-sáttmálans hefur Dómstóll Evrópubandalaganna úrskurðað að viðskipti milli aðildarríkja EB geti orðið fyrir áhrifum af samningi um verð á áfengi sem er notað við framleiðslu konjaks ⁽²⁷⁾. Enginn útflutningur var á hráefninu, en hin fullunna vara – konjak – var flutt út. Í tilvikum sem þessum gildir því EES-samkeppnisréttur ef viðskipti með fullunna vöru geta orðið fyrir merkjanlegum áhrifum.

39. Óbein áhrif á viðskipti milli EES-ríkja geta einnig komið fram í tengslum við vörurnar sem samningurinn eða aðgerðin tekur til. Til dæmis hafa samningar, sem byggjast á því að framleiðandi takmarkar ábyrgð sína við vörur, sem dreifingaraðilar selja í því EES-ríki sem þeir hafa aðsetur í, letjandi áhrif á kaup neytenda í öðrum EES-löndum á vörunum, enda geta þeir ekki nýtt sér ábyrgðina ⁽²⁸⁾. Þetta torveldar útflutning opinberra dreifingaraðila og þeirra, sem stunda samhliðaviðskipti, vegna þess að neytendur hafa minni áhuga á vörunni ef ábyrgð framleiðanda vantar ⁽²⁹⁾.
40. Raunveruleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkja eru þau áhrif sem fram koma eftir að samningnum eða aðgerðinni hefur verið hrundið í framkvæmd. Samningur milli birgis og dreifingaraðila í sama EES-ríki, til að mynda um bann við útflutningi til annars EES-ríkis, veldur að öllum líkindum raunverulegum áhrifum á viðskipti milli EES-ríkja. Hefði samningurinn ekki komið til gæti dreifingaraðilinn stundað óhindraðan útflutning. Rétt er þó að hafa í huga að ekki er nauðsynlegt að sýna fram á að samningurinn hafi í raun haft áhrif á viðskipti. Nægilegt er að samningurinn eða aðgerðin geti haft slík áhrif.
41. Með hugsanlegum áhrifum er átt við áhrif sem nægilegar líkur eru á að komið geti fram síðar. Með öðrum orðum verður að taka tillit til fyrirsjáanlegra breytinga á markaðnum ⁽³⁰⁾. Þótt viðskipti geti ekki orðið fyrir áhrifum um það leyti sem samningurinn er gerður eða aðgerðin kemst í framkvæmd eiga ákvæði 53. og 54. gr. við eftir sem áður ef líklegt er að breytingar verði í fyrirsjáanlegri framtíð á þáttum sem leiddu til þeirrar niðurstöðu. Í þessu tilliti er mikilvægt að hafa í huga afleiðingar ákvæða um afnám hafta sem felld eru inn í EES-samninginn eða sett af hálfu viðkomandi EES-ríkis og aðrar fyrirsjáanlegar ráðstafanir sem gerðar eru í því skyni að aflétta lagalegum viðskiptahindrunum.
42. Þótt markaðsskilyrði séu á tilteknum tíma óhagstæð milliríkjavíðskiptum, til dæmis vegna þess að verðlag er svipað í viðkomandi EES-ríkjum, er jafnframt hugsanlegt að viðskipti geti orðið fyrir áhrifum ef vænta má breytinga á markaðsskilyrðunum ⁽³¹⁾. Það sem skiptir máli hér er hvort samningurinn eða aðgerðin getur haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkja en ekki hvort slík áhrif koma fram í raun á hverjum tíma.
43. Þó að tekið sé tillit til óbeinna eða hugsanlegra áhrifa þegar áhrif á viðskipti milli EES-ríkja eru greind merkir það ekki að byggja megi greininguna á fjarstæðukenndum eða hæpnum áhrifum. Stjórnvald eða málsaðili, sem heldur því fram að viðskipti milli EES-ríkja geti orðið fyrir merkjanlegum áhrifum, verður að gera grein fyrir líkindum þess að tiltekinn samningur hafi óbein eða hugsanleg áhrif. Hæpin eða upphugsuð áhrif nægja ekki til þess að lögsaga EES-réttar verði virk. Samningur, sem hækkar verð á vöru sem er ekki söluhæf á markaði, lækkar til að mynda ráðstöfunartekjur neytenda. Þar eð neytendur hafa minna fé til ráðstöfunar kunna þeir að kaupa minna af vörum sem fluttar eru inn frá öðrum EES-ríkjum. Aftur á móti eru tengslin milli slíkra áhrifa á tekjur og viðskipta milli EES-ríkja yfirleitt of veik til þess að lögsaga EES-réttar geti orðið virk.

⁽²⁶⁾ Sjá í þessu tilliti mál T-86/95, *Compagnie Générale Maritime o.fl.*, [2002] ECR II-1011, 148. mgr., og 202. mgr. dóms í málinu *Compagnie maritime belge* sem vísað er til í 15. nmgr.

⁽²⁷⁾ Sjá mál 123/83, *BNIC v Clair*, [1985] ECR 391, 29. mgr. Sjá einnig ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA í NSF-málinu, 79. mgr., 7. nmgr.

⁽²⁸⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í *Zanussi*-málinu, Stjtið. ESB L 322, 16.11.1978, bls. 36, 11. mgr.

⁽²⁹⁾ Sjá í þessu tilliti mál 31/85, *ETA Fabrique d'Ebauches*, [1985] ECR 3933, 12. og 13. mgr.

⁽³⁰⁾ Sjá sameinuð mál C-241/91 P og C-242/91 P, *RTE (Magill)*, [1995] ECR I-743, 70. mgr., og mál 107/82, *AEG*, [1983] ECR 3151, 60. mgr.

⁽³¹⁾ Sjá 60. mgr. dóms í *AEG*-málinu sem vísað er til í undanfandi neðanmálgrein.

2.4. **Hvort um merkjanleg áhrif er að ræða**

2.4.1. *Meginsjónarmið*

44. Einn þáttur skilyrðisins um áhrif á viðskipti varðar umfang viðskiptanna og takmarkar lögsögu EES-réttar við samninga og aðgerðir sem geta haft áhrif sem ná tilteknu umfangi. Samningar og aðgerðir falla utan gildissviðs 53. og 54. gr. ef áhrif þeirra á markaði eru óveruleg vegna þess að hlutaðeigandi fyrirtæki hafa veika stöðu á markaði fyrir viðkomandi vörur ⁽³²⁾. Unnt er að meta hvort um merkjanleg áhrif er að ræða einkum með tilvísun til stöðu og mikilvægis hlutaðeigandi fyrirtækja á markaði fyrir viðkomandi vörur ⁽³³⁾.
45. Mat á því hvort áhrifin séu merkjanleg fer eftir aðstæðum hverju sinni, einkum eðli samningsins og aðgerðarinnar, eðli vörunnar sem samningurinn eða aðgerðin tekur til og stöðu og mikilvægi hlutaðeigandi fyrirtækja. Ef samningurinn eða aðgerðin getur samkvæmt eðli sínu haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkja þarf minna til að um merkjanleg áhrif teljist vera að ræða en þegar um ræðir samninga og aðgerðir sem geta ekki samkvæmt eðli sínu haft slík áhrif. Eftir því sem markaðsstaða hlutaðeigandi fyrirtækja er sterkari er líklegra að samningur eða aðgerð, sem getur haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkja, teljist hafa merkjanleg áhrif af því tagi ⁽³⁴⁾.
46. Dómstóll Evrópubandalaganna hefur komist að þeirri niðurstöðu í ýmsum málum, sem varða innflutning og útflutning, að skilyrðinu um merkjanleg áhrif sé fullnægt þegar sölutekjur hlutaðeigandi fyrirtækja nema um 5% markaðarins ⁽³⁵⁾. Þó hefur ekki ætíð verið litið svo á að markaðshlutdeildin ein væri ráðandi þáttur. Einkum er nauðsynlegt að hafa jafnframt hliðsjón af veltu fyrirtækjanna að því er snertir viðkomandi vörur ⁽³⁶⁾.
47. Þannig er unnt að meta hvort um merkjanleg áhrif sé að ræða bæði á tölulegum grundvelli (velta) og á grundvelli hlutfallslegra áhrifa með samanburði milli stöðu hlutaðeigandi fyrirtækis eða fyrirtækja og annarra markaðsaðila (markaðshlutdeild). Þessi áhersla á stöðu og mikilvægi hlutaðeigandi fyrirtækja er í samræmi við orðalagið „geta haft“ en það felur í sér að matið byggist á því að hvaða leyti samningurinn eða aðgerðin getur haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkja fremur en á því hvaða breytingar hafa orðið í raun á flæði vöru og þjónustu milli landa. Markaðsstaða hlutaðeigandi fyrirtækja og velta þeirra að því er snertir viðkomandi vörur eru visbending um hvort samningur eða aðgerð getur haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkja. Þessi tveir þættir endurspeglast í þeim líkindareglum sem settar eru fram í 52. og 53. mgr. hér á eftir.
48. Athugun á því hvort um merkjanleg áhrif sé að ræða felur ekki nauðsynlega í sér að skilgreina þurfi viðkomandi markaði og reikna markaðshlutdeild ⁽³⁷⁾. Tölulegar upplýsingar um sölutekjur fyrirtækis geta verið nægur rökstuðningur fyrir því að áhrif á viðskipti séu merkjanleg. Þetta á einkum við um samninga og aðgerðir sem geta samkvæmt eðli sínu haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkja, til að mynda vegna þess að viðkomandi samningur eða aðgerð varðar innflutning eða útflutning eða tekur til fleiri en eins EES-ríkis. Sú staðreynd að við slíkar aðstæður getur velta að því er snertir vörunnar, sem samningurinn tekur til, nægt sem rök fyrir því að um merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkja sé að ræða endurspeglast í þeirri jákvæðu líkindareglu sem um er fjallað í 53. mgr. hér á eftir.
49. Ávallt skal meta samninga og aðgerðir með hliðsjón af efnahagslegu og lagalegu umhverfi þeirra. Þegar um lóðrétta samninga er að ræða getur reynst nauðsynlegt að hafa hliðsjón af uppsöfnunaráhrifum í samhliða kerfum áþekkra samninga ⁽³⁸⁾. Þótt stakur samningur eða kerfi samninga geti ekki haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkja geta samanlögð áhrif af samhliða kerfum samninga haft slíkar afleiðingar. Til þess að svo geti orðið er þó nauðsynlegt að hlutur hins staka samnings eða kerfis samninga í heildaráhrifum á viðskipti sé verulegur ⁽³⁹⁾.

⁽³²⁾ Sjá mál 5/69, Völk, [1969] ECR 295, 7. mgr.

⁽³³⁾ Sjá t.d. 17. mgr. dóms í Javico-málinu sem vísað er til í 22. nmgr., og 138. mgr. dóms í málinu BPB Industries og British Gypsum sem vísað er til í 25. nmgr.

⁽³⁴⁾ Sjá 138. mgr. dóms í málinu BPB Industries og British Gypsum sem vísað er til í 25. nmgr.

⁽³⁵⁾ Sjá t.d. 9. og 10. mgr. dóms í Miller-málinu sem vísað er til í 20. nmgr., og 58. mgr. dóms í AEG-málinu sem vísað er til í 30. nmgr.

⁽³⁶⁾ Sjá sameinuð mál 100/80 o.fl., Musique Diffusion Française, [1983] ECR bls. 1825, 86. mgr. Í því máli nam sala á vörnum aðeins 3% af sölu á viðkomandi landsmörkuðum. Dómstóll Evrópubandalaganna komst að þeirri niðurstöðu að samningarnir, sem hindruðu samhliða viðskipti, gætu haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB vegna mikillar veltu aðilanna og hlutfallslegrar markaðsstöðu vörutegundanna í samanburði við framleiðsluvörur keppinauta.

⁽³⁷⁾ Sjá í þessu tilliti 179. og 231. mgr. dóms í Volkswagen-málinu sem vísað er til í 16. nmgr., og mál T-213/00, CMA CGM o.fl., [2003] ECR I-, 219. og 220. mgr.

⁽³⁸⁾ Sjá t.d. mál T-7/93, Langnese-Iglo, [1995] ECR II-1533, 120. mgr.

⁽³⁹⁾ Sjá 140. og 141. mgr. dóms í málinu Vereniging van Groothandelaren in Bloemwekerijprodukten sem vísað er til í 8. nmgr. Sjá einnig dóm í Hegelstad-málinu sem vísað er til í 20. nmgr.

2.4.2. *Mat á því hvort um merkjanleg áhrif sé að ræða með hliðsjón af umfangi*

50. Ógerningur er að setja fram á grundvelli umfangs viðskiptanna almennar reglur sem taka til allra flokka samninga og nota má til að segja fyrir um hvenær viðskipti milli EES-ríkjanna geta orðið fyrir merkjanlegum áhrifum. Aftur á móti er gerlegt að benda á hvenær viðskipti geta venjulega ekki orðið fyrir merkjanlegum áhrifum. Í tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA „um minniháttar samninga sem takmarka samkeppni ekki merkjanlega samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins“ („minniháttarreglan“) ⁽⁴⁰⁾, er í fyrsta lagi tekið fram að samningar lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sbr. ákvörðun eftirlitsstofnunarinnar nr. 112/96/COL frá 11. september 1996 ⁽⁴¹⁾, geti venjulega ekki haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Þessi tilgáta byggist á því að starfsemi lítilla og meðalstórra fyrirtækja er venjulega bundin við einstök sveitarfélög eða í mesta lagi eitt hérað. Lítil og meðalstór fyrirtæki geta þó fallið undir lögsögu EES-réttar, einkum ef þau stunda milliríkjaviðskipti. Í öðru lagi telur eftirlitsstofnunin við hæfi að gera grein fyrir meginsjónarmiðum um hvenær telja má að viðskipti geti venjulega ekki orðið fyrir merkjanlegum áhrifum, þ.e. setja reglu um hvenær engra merkjanlegra áhrifa á viðskipti milli EES-ríkjanna er að vænta (sem nefnd er EMÁV-reglan). Þegar eftirlitsstofnunin beitir ákvæðum 53. gr. mun hún fara með þessa reglu sem neikvæða, hrekjanlega líkindareglu um alla samninga í skilningi 1. mgr. 53. gr., óháð eðli þeirra takmarkana sem er að finna í samningnum, að meðtöldum takmörkunum sem skilgreindar hafa verið sem grófar takmarkanir í lagagerðum sem samsvara reglum framkvæmdastjórnarinnar um hópundanþágur sem um getur í XIV. viðauka við EES-samninginn. Ef þessi tilgáta á við mun eftirlitsstofnunin venjulega ekki hefja málsmeðferð, hvorki í kjölfar beiðni þess efnis né að eigin frumkvæði. Hafi fyrirtækin verið í góðri trú um að þessi neikvæða líkindaregla næði til tiltekins samnings mun eftirlitsstofnunin ekki beita þau sektum.

51. Með fyrirvara um 53. mgr. hér á eftir leiðir ekki af þessari neikvæðu skilgreiningu á því hvort um merkjanleg áhrif sé að ræða að samningar, sem falla ekki undir viðmiðin hér á eftir, geti sjálfkrafa haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Nauðsynlegt er að meta það í hverju einstöku tilviki.

52. Eftirlitsstofnun EFTA er þeirrar skoðunar að samningar geti í grundvallaratriðum ekki haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna ef öllum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

- a) Samanlögð markaðshlutdeild aðila á hverjum þeim viðkomandi markaði á Evrópska efnahagssvæðinu, sem samningurinn tekur til, sé ekki meiri en 5%.
- b) Þegar um ræðir lárétta samninga nemi samanlögð ársvelta hlutaðeigandi fyrirtækja ⁽⁴²⁾ á Evrópska efnahagssvæðinu vegna viðskipta með vörur, sem samningurinn tekur til, ekki hærri fjárhæð en 40 milljónum evra. Þegar um ræðir samninga, sem varða sameiginleg vöruinnkaup, skal miða veltuna við samanlögð innkaup aðilanna á vörum sem samningurinn tekur til.

Þegar um ræðir lóðrétta samninga nemi samanlögð ársvelta hlutaðeigandi fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu vegna viðskipta með vörur, sem samningurinn tekur til, ekki hærri fjárhæð en 40 milljónum evra. Þegar um ræðir nytjaleyfissamninga skal miða veltuna við samanlagða veltu leyfishafa vegna viðskipta með vörur sem byggjast á nytjaleyfistækninni og veltu leyfisveitandans sjálfs vegna viðskipta með slíkar vörur. Þegar um ræðir samninga kaupanda og fleiri en eins birgis skal miða veltuna við samanlögð innkaup kaupandans á vörum sem samningarnir taka til.

Þegar um tvö samliggjandi almanaksár er að ræða mun eftirlitsstofnunin notast við sömu tilgátu ef velta fer ekki meira en 10% yfir ofangreint hámark og markaðshlutdeild fer ekki meira en 2 prósentustig yfir ofangreint hámark. Ef samningurinn varðar nýjan markað sem ekki er kominn til sögunnar enn með þeim afleiðingum að hvorki myndast velta hjá aðilum samningsins né geta þeir eignast markaðshlutdeild mun eftirlitsstofnunin ekki notast við þessa tilgátu. Í slíkum tilvikum er hugsanlegt að mat á því hvort um merkjanleg áhrif sé að ræða verði að byggjast á stöðu aðilanna á skyldum vörumörkuðum eða því hversu vel þeir standa að vígi á þeim tæknisviðum sem varða samninginn.

⁽⁴⁰⁾ Sjá tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um minniháttar samninga, 4. nmgr., 3. mgr.

⁽⁴¹⁾ Sú ákvörðun fól í sér tilvísun til skilgreiningar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem er að finna í tilmælum framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna 96/280/EB (Stjtið. ESB L 107, 30.4.1996, bls. 4). Frá 1. janúar 2005 að telja viku þau tilmæli fyrir tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB um skilgreiningu á örfyrirtækjum, smáfyrirtækjum og miðstærðarfyrirtækjum, Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36, sem voru felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar frá 25. september 2004 nr. 131/2004 (Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 67 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB, 10.3.2005, bls. 49).

⁽⁴²⁾ Undir hugtakið „hlutaðeigandi fyrirtæki“ falla svonefnd tengd fyrirtæki samkvæmt skilgreiningunni í 2. lið 12. mgr. tilkynningar Eftirlitsstofnunar EFTA um minniháttar samninga, sjá 4. nmgr. hér á undan.

53. Eftirlitsstofnun EFTA mun einnig taka þá afstöðu að þegar samningur getur samkvæmt eðli sínu haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna, til að mynda vegna þess að hann varðar innflutning eða útflutning eða tekur til fleiri en eins EES-ríkis, skuli farið eftir þeirri hrekanlegu, *jákvæðu* líkindareglu að slík áhrif á viðskipti séu merkjanleg þegar velta aðilanna vegna viðskipta með vörurnar sem samningurinn tekur til, eins og hún er reiknuð samkvæmt reglunum í 52. og 54. mgr., er meiri en 40 milljónir evra. Ef samningarnir geta samkvæmt eðli sínu haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna má jafnframt oft ganga út frá því að slík áhrif séu merkjanleg þegar markaðshlutdeild aðilanna er meiri en sem nemur 5% hámarkinu sem sett er í undanfarandi málsgrein. Sú tilgáta á þó ekki við ef samningurinn tekur aðeins til eins hluta EES-ríkis (sjá 90. mgr. hér á eftir).
54. Að því er varðar 40 milljóna evra veltuhámarkið (sjá 52. mgr. hér á undan) miðast veltan við samanlagðar sölutölur hlutaðeigandi fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu á næstliðnu ári, að frádregnum sköttum, vegna viðskipta með vörur sem samningurinn tekur til. Undanskilin eru viðskipti milli eininga eins og sama fyrirtækis ⁽⁴³⁾.
55. Til þess að meta hvort markaðshlutdeild er meiri en sem nemur settu hámarki er nauðsynlegt að ákvarða hver hinn viðkomandi markaður er ⁽⁴⁴⁾. Viðkomandi vörumarkaður og viðkomandi landfræðilegur markaður mynda þann markað saman. Markaðshlutdeild skal reiknuð samkvæmt gögnum um andvirði seldrar vöru, eða keyptrar vöru þar sem það á við. Ef slíkum gögnum er ekki til að dreifa má notast við áætlaðar tölur sem byggðar eru á áreiðanlegum markaðsupplýsingum af öðru tagi, m.a. magntölum.
56. Þegar um ræðir kerfi samninga, sem sami birgir hefur gert við mismunandi dreifingaraðila, er miðað við sölutölur fyrir allt kerfið.
57. Ef samningar eru hluti af einu og sama heildarviðskiptasamstarfi er farið með þá sem einn samning að því er EMÁV-regluna varðar ⁽⁴⁵⁾. Fyrirtæki geta ekki komist niður fyrir hámarkin með því að skipta samningi sem myndar eina heild í efnahagslegum skilningi.

3. BEITING OFANGREINDRA SJÓNARMÍÐA Í TENGLUM VIÐ ALGENGAR GERÐIR SAMNINGA OG MISNOTKUNAR

58. Eftirlitsstofnun EFTA mun beita neikvæðu líkindareglunni, sem útlistuð er í undirkaflanum hér á undan, gagnvart öllum samningum, meðal annars samningum sem geta samkvæmt eðli sínu haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna og samningum sem taka til viðskipta við fyrirtæki í löndum utan EES (sbr. undirkafla 3.3 hér á eftir).
59. Þegar um ræðir svið sem neikvæða líkindareglan tekur ekki til mun Eftirlitsstofnun EFTA taka mið af eigindarþáttum sem varða eðli samningsins eða aðgerðarinnar og eðli vörunnar sem um ræðir (sjá 29. og 30. mgr. hér á undan). Mikilvægi eðlis samningsins endurspeglast sömuleiðis í jákvæðu líkindareglunni sem um er fjallað í 53. mgr. hér á undan og varðar það hvort um er að ræða merkjanleg áhrif þegar um ræðir samninga sem geta samkvæmt eðli sínu haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Til þess að unnt sé að veita frekari leiðbeiningar um beitingu skilyrðisins um áhrif á viðskipti er því gagnlegt að taka ýmsar algengar gerðir samninga og aðgerða til athugunar.
60. Í eftirfarandi undirköflum er gerður megingreinar munur á samningum og aðgerðum sem taka til fleiri en eins EES-ríkis og samningum og aðgerðum sem taka aðeins til eins EES-ríkis eða hluta EES-ríkis. Þessir tveir meginflokkar skiptast í undirflokk í samræmi við eðli samningsins eða aðgerðarinnar. Einnig er fjallað um samninga og aðgerðir sem varða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins.

3.1. Samningar og misnotkun sem taka til fleiri en eins EES-ríkis

61. Samningar og aðgerðir, sem taka til fleiri en eins EES-ríkis, geta í næstum öllum tilvikum haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna samkvæmt eðli sínu. Þegar viðkomandi velta er hærri en sem nemur hámarkinu, sem sett er í 53. mgr. hér á undan, er því yfirleitt ekki nauðsynlegt að fram fari ítarleg greining á því hvort viðskipti milli ríkjanna geti orðið fyrir áhrifum. Þó er gagnlegt, til þess að veita megi einnig leiðbeiningar um þessi tilvik og varpa ljósi á megingreiningarmíðin í 2. kafla hér á undan, að skýra hvaða þættir eru venjulega notaðir því til stuðnings að lögsaga EES-réttar verði virk.

⁽⁴³⁾ Sjá undanfarandi neðanmálsgrein

⁽⁴⁴⁾ Við skilgreiningu á viðkomandi markaði ber að hafa hliðsjón af tilkynningu um skilgreiningu á hugtakinu viðkomandi markaður að því er varðar samkeppnislög á Evrópska efnahagssvæðinu (Stjtið. ESB L 200, 16.7.1998, bls. 48 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 28, 16.7.1998, bls. 3).

⁽⁴⁵⁾ Sjá einnig 14. neðanmálsgrein hér á undan.

3.1.1. Samningar um innflutning og útflutning

62. Samningar sem gerðir eru milli fyrirtækja í tveimur eða fleiri EES-ríkjum og varða innflutning og útflutning geta samkvæmt eðli sínu haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Slíkir samningar hafa bein áhrif á viðskiptamynstur milli EES-ríkjanna hvort sem þeir takmarka samkeppni eða ekki. Í málinu Kerpen & Kerpen, sem varðaði samning milli framleiðanda í Frakklandi og dreifingaraðila í Þýskalandi er tók til meira en 10% alls útflutnings á sementi frá Frakklandi til Þýskalands, alls 350 000 tonna á ári, komst Dómstóll Evrópubandalaganna til að mynda að þeirri niðurstöðu að fráleitt væri að telja að slíkur samningur gæti ekki haft (merkjanleg) áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB ⁽⁴⁶⁾.
63. Til þessa flokks teljast samningar sem fela í sér takmarkanir á innflutningi og útflutningi, m.a. takmarkanir á virkri og óvirkri sölu og endursölu kaupenda til neytenda í öðrum EES-ríkjum ⁽⁴⁷⁾. Í þessum tilvikum eru fyrir hendi eðlislæg tengsl milli hinnar meintu samkeppnistakmörkunar og áhrifa á viðskipti, enda hefur takmörkunin einmitt þann tilgang að hindra vöru- og þjónustufláði sem ella gæti átt sér stað milli EES-ríkjanna. Hér skiptir ekki máli hvort samningsaðilarnir starfa í sama EES-riki eða mismunandi EES-ríkjum.

3.1.2. Ólöglegt samráð sem tekur til fleiri en eins EES-ríkis

64. Samningar um ólöglegt samráð, til að mynda um verðsamráð og skiptingu markaðar, sem taka til fleiri en eins EES-ríkis geta samkvæmt eðli sínu haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Samningar um ólöglegt samráð, sem taka til fleiri en eins lands, stuðla að samræmdum samkeppnisskilyrðum og hafa áhrif á gagnkvæma framrás viðskipta með því að festa hefðbundið viðskiptamynstur í sessi ⁽⁴⁸⁾. Þegar fyrirtæki koma sér saman um að úthluta markaðssvæðum er hætta á að sala annars staðar frá inn á þau svæði stöðvist eða dragist saman. Með verðsamráði losa fyrirtæki sig undan samkeppni og afnema hugsanlegan verðmun af hennar völdum sem gæti hvatt keppinauta og neytendur til milliríkjavíðskipta. Með því að koma upp sölukvótum viðhalda fyrirtæki hefðbundnum viðskiptamynstrum. Hlutaðeigandi fyrirtæki halda sér frá því að auka framboð og þar með að þjóna neytendum í öðrum EES-ríkjum.
65. Áhrif á viðskipti vegna ólöglegs samráðs milli ríkja eru yfirleitt einnig merkjanleg samkvæmt eðli sínu í krafti markaðsstöðu fyrirtækjanna sem eiga í hlut. Venjulega kemst ólöglegt samráð aðeins á þegar hlutaðeigandi fyrirtæki hafa í sameiningu mikla markaðshlutdeild, þar eð sú staða gerir þeim kleift að hækka verð eða draga úr framboði.

3.1.3. Láréttir samstarfssamningar sem taka til fleiri en eins EES-ríkis

66. Í þessum undirkafla verður fjallað um ýmsar gerðir láréttra samstarfssamninga. Láréttir samstarfssamningar geta til dæmis verið í mynd samninga um samstarf tveggja eða fleiri fyrirtækja um atvinnustarfsemi á borð við framleiðslu og dreifingu ⁽⁴⁹⁾. Slíkir samningar ganga oft undir nafninu sameiginleg fyrirtæki. Sameiginleg fyrirtæki, sem gegna öllum hlutverkum sjálfstæðrar efnahagseiningar með varanlegum hætti, falla þó undir ákvæði samrunareglugerðarinnar ⁽⁵⁰⁾. Að því er varðar Evrópska efnahagssvæðið er ekki fjallað um slík sameiginleg fyrirtæki, sem gegna að fullu almennum hlutverkum fyrirtækis, á grundvelli 53. og 54. gr. EES-samningsins nema þegar 4. mgr. 2. gr. samrunareglugerðarinnar á við ⁽⁵¹⁾. Þessi undirkafla varðar því ekki sameiginleg fyrirtæki sem gegna að fullu almennum hlutverkum fyrirtækis. Sameiginlegt fyrirtæki, sem gegnir ekki að fullu almennum hlutverkum fyrirtækis, starfar ekki sem sjálfstæður birgir (eða kaupandi) á nokkrum markaði. Það þjónar aðeins móðurfyrirtækjum sínum sem eru sjálf starfandi á markaðnum ⁽⁵²⁾.

⁽⁴⁶⁾ Sjá 8. mgr. dóms í málinu Kerpen & Kerpen sem vísað er til í 18. nmgr. Þess ber að gæta að Dómstóll Evrópubandalaganna vísar ekki til markaðshlutdeildar heldur hluta af útflutningi frá Frakklandi og framleiðslumagns.

⁽⁴⁷⁾ Sjá t.d. dóm í Volkswagen-málinu sem vísað er til í 16. nmgr. og mál T-175/95, BASF Coatings, [1999] ECR II-1581. Um láréttan samning í þeim tilgangi að hindra samhliða viðskipti sjá sameinuð mál 96/82 o.fl., IAZ International, [1983] ECR 3369, 27. mgr.

⁽⁴⁸⁾ Sjá t.d. mál T-142/89, Usines Gustave Boël, [1995] ECR II-867, 102. mgr.

⁽⁴⁹⁾ Um lárétta samstarfssamninga er fjallað í tilkynningu Eftirlitsstofnunar EFTA um leiðbeiningar um gildi 53. gr. EES-samningsins gagnvart láréttum samstarfssamningum (Stjtíð. ESB C 266, 31.10.2002, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 55, 31.10.2002, bls. 1). Í þeim leiðbeiningum er fjallið um efnislegt samkeppnismat á ýmsum tegundum samninga, en ekki tekið á því sem snertir áhrif á viðskipti.

⁽⁵⁰⁾ Sjá gerðina sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 139/2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB)), Stjtíð. ESB, L 24, 29.1.2004, bls. 1 (í þeirri mynd sem hún var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004 frá 4. júní 2004, Stjtíð. ESB L 219, 19.6.2004, bls. 13 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 32, 19.6.2004, bls. 1).

⁽⁵¹⁾ Framkvæmdastjórnin hefur gefið út tilkynningu um hugtakið sameiginleg fyrirtæki sem gegna að öllu leyti hlutverki sjálfstæðrar efnahagseiningar í samrunareglugerðinni, Stjtíð. ESB C 66, 2.3.1998, bls. 1, og þar er að finna leiðsögn um merkingarsvið hugtaksins. Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki enn sem komið er gefið út neinar tilkynningar á sviði fyrirtækjasamruna. Eftirlitsstofnunin fer engu að síður eftir þeim meginsjónarmiðum sem framkvæmdastjórnin setur fram í tilkynningunum um fyrirtækjasamruna, eftir því sem það á við.

⁽⁵²⁾ Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í málinu Ford/Volkswagen, Stjtíð. ESB L 20, 28.1.1993, bls. 14.

67. Sameiginleg fyrirtæki, sem starfa í tveimur eða fleiri EES-ríkjum eða framleiða vörur sem móðurfyrirtæki þess selja í tveimur eða fleiri EES-ríkjum, hafa áhrif á starfsemi aðilanna í þeim hlutum Evrópska efnahagssvæðisins. Venjulega geta samningar af þessu tagi því haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna samkvæmt eðli sínu, í samanburði við það sem væri ef samningurinn kæmi ekki til ⁽⁵³⁾. Viðskiptamynstur verða fyrir áhrifum þegar fyrirtæki flytja starfsemi sína til sameiginlega fyrirtækisins eða nota það til þess að koma upp nýjum seljanda á Evrópska efnahagssvæðinu.
68. Einnig er hugsanlegt að viðskipti verði fyrir áhrifum þegar sameiginlega fyrirtækið selur móðurfyrirtækjunum vörur sem þau vinna svo áfram eða fella inn í aðra vöru. Þetta er líklegt þegar varan, sem um ræðir, var áður keypt af birgjum í öðrum EES-ríkjum, þegar móðurfyrirtækin framleiddu vöruna áður í öðrum EES-ríkjum, og þegar lokaafurðin er seld í fleiri en einu EES-ríki.
69. Þegar metið er hvort um merkjanleg áhrif sé að ræða er mikilvægt að taka mið af sölu móðurfyrirtækjanna á vörum sem tengjast samningnum, en ekki aðeins sölu sameiginlega fyrirtækisins sem stofnað er til með samningnum, þar eð sameiginlega fyrirtækið starfar ekki sjálfstætt á neinum markaði.

3.1.4. Lóðréttir samningar sem taka til fleiri en eins EES-ríkis

70. Lóðréttir samningar og kerfi áþekkra lóðréttra samninga, sem taka til fleiri en eins EES-ríkis, geta venjulega haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna ef afleiðingarnar eru að viðskipti beinast í tiltekinn farveg. Kerfi samninga um sérvalda dreifingu, sem taka til tveggja eða fleiri EES-ríkja, beina viðskiptum til að mynda í tiltekinn farveg vegna þess að þau takmarka viðskipti við þá sem eiga aðild að kerfinu og hafa þannig áhrif á viðskiptamynstur frá því sem verið hefði ef enginn samningur hefði verið í gildi ⁽⁵⁴⁾.
71. Viðskipti milli EES-ríkjanna geta einnig orðið fyrir áhrifum af lóðréttum samningum sem hafa þau áhrif að útiloka keppinauta. Þetta getur gerst til að mynda þegar dreifingaraðilar í fleiri en einu EES-ríki samþykka með samningi að kaupa aðeins af tilteknum birgi eða selja aðeins vörur frá honum. Slíkir samningar geta hamlað viðskiptum milli EES-ríkjanna sem samningarnir taka til eða viðskiptum frá EES-ríkjum sem samningarnir taka ekki til. Bæði einstakir samningar og kerfi samninga geta leitt til útilokunar keppinauta. Ef útilokunaráhrif koma fram vegna samnings eða kerfis samninga, sem tekur til fleiri en eins EES-ríkis, getur samningurinn eða samningarnir venjulega haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna samkvæmt eðli sínu.
72. Samningar milli birgja og dreifingaraðila, sem hafa að geyma kvaðir um bindandi endursöluverð og taka til tveggja eða fleiri EES-ríkja, geta venjulega einnig haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna samkvæmt eðli sínu ⁽⁵⁵⁾. Samningar af því tagi leiða til breytinga á verði sem líklegt er að sett hefði verið upp ef samningarnir hefðu ekki komið til, og hafa þannig áhrif á viðskiptamynstur.

3.1.5. Misnotkun markaðsráðandi stöðu í fleiri en einu EES-ríki

73. Í tengslum við misnotkun á markaðsráðandi stöðu er gagnlegt að gera mun á misnotkun í því skyni að koma upp aðgangshindrunum eða hrekja keppinauta af markaði (útilokandi misnotkun) og misnotkun markaðsráðandi fyrirtækis sem beitir efnahagsstyrk sínum til að mynda með því að setja upp óhóflegt verð eða stunda verðmismunun (áníðslumisnotkun). Báðar þessar tegundir misnotkunar geta átt sér stað hvort heldur sem er með samningum, sem falla þá einnig undir ákvæði 1. mgr. 53. gr., eða einhliða framferði, en það fellur eingöngu undir ákvæði 54. gr. að því er varðar EES-samkeppnisrétt.
74. Afleiðingar áníðslumisnotkunar á borð við mismunun í gegnum afslætti koma fram hjá viðskiptaaðilum á síðari stigum og eru þeim ýmist í hag eða óhag, breyta samkeppnisstöðu þeirra og hafa áhrif á viðskiptamynstur milli EES-ríkjanna.

⁽⁵³⁾ Sjá í þessu tilliti 146. mgr. dóms í málinu *Compagnie Générale Maritime* sem vísað er til í 26. nmgr.

⁽⁵⁴⁾ Sjá í þessu tilliti sameinuð mál 43/82 og 63/82, *VBVB og VBBB*, [1984] ECR 19, 9. mgr.

⁽⁵⁵⁾ Sjá í þessu tilliti mál T-66/89, *Publishers Association*, [1992] ECR II-1995.

75. Þegar markaðsráðandi fyrirtæki stundar markaðshindrandi framferði í fleiri en einu EES-ríki, getur slík misnotkun venjulega haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna samkvæmt eðli sínu. Slíkt framferði verkar neikvætt á samkeppni á svæði sem nær lengra en til eins EES-ríkis, og líklegt er að það beini viðskiptum í annan farveg en verið hefði ef misnotkunin hefði ekki komið til. Viðskiptamynstur geta til dæmis orðið fyrir áhrifum ef markaðsráðandi fyrirtæki veitir tryggðarafslætti. Viðskiptavinir, sem njóta góðs af markaðshindrandi afsláttarkerfi, muni að öllum líkindum kaupa minna en ella hefði verið af keppinautum hins markaðsráðandi fyrirtækis. Markaðshindrandi framferði, sem hefur beinlínis það markmið að hrekja keppinaut af markaði, til dæmis skaðleg undirverðlagning, getur einnig haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna vegna þess hvernig það verkar á uppbyggingu samkeppnismarkaðar á Evrópska efnahagssvæðinu ⁽⁵⁶⁾. Þegar markaðsráðandi fyrirtæki tekur upp tiltekið hátterni í því skyni að hrekja af markaði keppinaut sem starfar í fleiri en einu EES-ríki geta viðskipti orðið fyrir áhrifum á ýmsan hátt. Fyrst er að nefna að hætta er á að keppinauturinn, sem um ræðir, leggi niður starfsemi sem birgir á Evrópska efnahagssvæðinu. Þótt fyrirtækið, sem framferðið beinist að, sé ekki hrakið af markaði er sennilegt að það hagi samkeppnisstarfsemi sinni með öðrum hætti í framtíðinni, og það getur síðan haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Í öðru lagi getur misnotkunin haft áhrif á aðra keppinauta. Með misnotkun sinni getur markaðsráðandi fyrirtæki gefið keppinautum sínum til kynna að það muni refsa þeim fyrir að taka upp raunverulega samkeppni. Í þriðja lagi er hugsanlegt að það eitt að keppinautur er hrakinn af markaði nægi til þess að viðskipti milli EES-ríkjanna geti orðið fyrir áhrifum. Þetta getur gerst þótt fyrirtækið, sem hætta er á að hverfi af markaði, stundi aðallega útflutning til landa utan Evrópska efnahagssvæðisins ⁽⁵⁷⁾. Ef hætta er á að virkri samkeppni á markaði á Evrópska efnahagssvæðinu sé ógnað verður lögsaga EES-réttar virk.
76. Þegar markaðsráðandi fyrirtæki stundar ániðslumisnotkun eða markaðshindrandi misnotkun í fleiri en einu EES-ríki, er tilhneiging slíkrar misnotkunar til að hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna venjulega merkjanleg samkvæmt eðli sínu. Með hliðsjón af markaðsstöðu hins markaðsráðandi fyrirtækis og þess að misnotkunin nær til fleiri en eins EES-ríkis er umfang misnotkunarinnar og líkleg áhrif hennar á viðskiptamynstur venjulega með þeim hætti að viðskipti milli EES-ríkjanna geta orðið fyrir merkjanlegum áhrifum. Þegar um ræðir misnotkun í ániðsluskyni, til að mynda verðmismunun, leiðir misnotkunin til breytinga á samkeppnisstöðu viðskiptaaðila í fleiri en einu EES-ríki. Þegar um ræðir markaðshindrandi misnotkun, þar á meðal misnotkun í því skyni að hrekja keppinaut af markaði, verður atvinnustarfsemi keppinauta í fleiri en einu EES-ríki fyrir áhrifum. Sú staðreynd ein og sér að fyrirtæki er markaðsráðandi í fleiri en einu EES-ríki er vísending um að samkeppni hafi þegar veikt á verulegum hluta sameiginlega markaðarins ⁽⁵⁸⁾. Ef markaðsráðandi fyrirtæki veikir samkeppni enn frekar með misnotkun af einhverju tagi, til að mynda með því að hrekja keppinaut af markaði, eru venjulega merkjanlegar líkur á að misnotkun hafi áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna.

3.2. Samningar og misnotkun sem taka til eins EES-ríkis eða aðeins hluta þess

77. Ef samningur eða misnotkun tekur til yfirráðasvæðis eins EES-ríkis getur verið nauðsynlegt að rannsaka nánar hvort samningarnir eða misnotkunin getur haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Rétt er að rifja upp að ekki er nauðsynlegt að viðskipti dragist saman til þess að fram komi áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Nægilegt er að fram geti komið merkjanleg áhrif á viðskiptamynstur milli EES-ríkjanna. Í mörgum tilvikum sem varða eitt EES-ríki er eðli meints brots, og þá einkum það hversu mikla tilhneingingu það hefur til að útiloka keppinauta frá markaði landsins, engu að síður góð vísending um að hvaða marki samningurinn eða aðgerðin getur haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Dæmin hér á eftir mynda ekki tæmandi upptalningu. Þau eru aðeins dæmi um tilvik þar sem samningar, sem eru bundnir við eitt EES-ríki, geta talist þess eðlis að þau geti haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna.

⁽⁵⁶⁾ Sjá í þessu tilliti dóm í málinu Commercial Solvents sem vísað er til í 6. nmgr., dóm í málinu Hoffmann-La Roche, sem vísað er til í 12. nmgr., 125. mgr., og í málinum RTE og ITP sem vísað er til í 30. nmgr., svo og í málinu 6/72, Continental Can, [1973] ECR 215, 16. mgr., og málinu 27/76, United Brands, [1978] ECR 207, 197.–203. mgr.

⁽⁵⁷⁾ Sjá 32. og 33. mgr. dóms í málinu Commercial Solvents sem vísað er til í 6. nmgr.

⁽⁵⁸⁾ Samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd er markaðsráðandi staða efnahagslega sterk staða fyrirtækis sem gerir því kleift að koma í veg fyrir eiginlega samkeppni á viðkomandi markaði með því að gefa því styrk til að haga sér að verulegu leyti óháð samkeppnisaðilum, viðskiptavinum og að lokum neytendum sjá t.d. 38. mgr. dóms í málinu Hoffmann-La Roche sem vísað er til í 12. nmgr.

3.2.1. Ólögmeitt samráð í einu EES-ríki

78. Láréttir samningar um ólögmeitt samráð, sem taka til eins EES-ríkis í heild, geta venjulega haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Dómstólar Evrópubandalaganna hafa komist að þeirri niðurstöðu í ýmsum málum að samningar, sem taka til eins aðildarríkis EB í heild, hafi samkvæmt eðli sínu þau áhrif að styrkja skiptingu markaðarins eftir ríkjum með því að hindra þann efnahagslega samruna sem EB-sáttmálanum er ætlað að leiða til ⁽⁵⁹⁾.
79. Slíkir samningar geta stuðlað að skiptingu innra markaðarins sökum þess að fyrirtæki, sem eiga aðild að ólögmeitu samráði í aðeins einu EES-ríki, þurfa venjulega að gera ráðstafanir til að hindra aðgang keppinauta frá öðrum EES-ríkjum ⁽⁶⁰⁾. Geri þau það ekki, og sé unnt að eiga viðskipti með vöruna sem samningurinn tekur til ⁽⁶¹⁾, er hætt við að samkeppni frá fyrirtæki í öðrum EES-ríkjum grafi undan samráðinu. Venjulega geta samningar af þessu tagi einnig haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna samkvæmt eðli sínu, að teknu tilliti til þess hversu stórt markaðssvæðið þarf að vera til að slíkt samráð sé árangursríkt.
80. Þegar horft er til þess að hugtakið áhrif á viðskipti nær yfir hugsanleg áhrif skiptir ekki höfuðmáli hvort gripíð er til slíkra aðgerða gegn keppinautum í öðrum EES-ríkjum í raun á hverjum tíma. Leiði samráðið til verðs sem er svipað því sem tíðkast í öðrum EES-ríkjum er hugsanlegt að aðilar að samráðinu þurfi ekki að grípa til tafarlausra aðgerða gegn keppinautum í öðrum EES-ríkjum. Hér skiptir það eitt máli hvort líklegt sé að þau geri það við breyttar markaðsaðstæður. Líkurnar á slíku ráðast af því hvort á markaðnum eru náttúrulegar viðskiptahindranir, og þá einkum hvort unnt er að eiga viðskipti með vöruna sem um ræðir. Í máli sem varðaði tiltekna tegund viðskiptabankaþjónustu ⁽⁶²⁾ komst Dómstóll Evrópubandalaganna til að mynda að þeirri niðurstöðu að áhrif á viðskipti gætu ekki orðið merkjanleg þar eð aðeins væri unnt að eiga mjög takmörkuð viðskipti með vörunar sem um var að ræða og vegna þess að þær réðu litlu um hvort fyrirtæki í öðrum aðildarríkjum EB afréðu að hefja starfsemi í viðkomandi aðildarríki EB ⁽⁶³⁾.
81. Vinna, sem þátttakendur í samráði leggja í að fylgjast með verði og eftirlit með keppinautum í öðrum EES-ríkjum, getur veitt vísbendingar um að hve miklu leyti unnt er að eiga viðskipti með vörur sem samráðið tekur til. Slíkt eftirlit gefur til kynna að þátttakendur í samráðinu telji að sér geti staðið ógn af samkeppni og keppinautum frá öðrum EES-ríkjum. Ef vísbendingar eru um að aðilar að þátttakendur í samráðinu hafi af ásettu ráði ákveðið verðið í samræmi við verð sem tíðkast í öðrum EES-ríkjum (svonefnt *limit pricing*) er það til merkis um að unnt sé að eiga viðskipti með vörunar og viðskipti milli EES-ríkjanna geti orðið fyrir áhrifum.
82. Venjulega geta viðskipti einnig orðið fyrir áhrifum ef þátttakendur í samráði í einu ríki tempra samkeppnisaðhald frá keppinautum í öðrum EES-ríkjum með því að stuðla að því að þeir gerist aðilar að hinum samkeppnishamlandi samningi, eða ef keppinautarnir eiga erfiðara um vik í samkeppninni vegna þess að þeir eiga ekki aðild að samningnum ⁽⁶⁴⁾. Í slíkum tilvikum gerist annað hvort að samningurinn gerir keppinautunum ókleift að nýta sér hugsanlega samkeppnisyfirburði eða eykur útgjöld þeirra, og verkar þannig neikvætt á samkeppnishæfni þeirra og sölu. Í báðum tilvikum hamlar samningurinn starfsemi keppinauta frá öðrum EES-ríkjum á markaði í viðkomandi ríki. Sama á við þegar fyrirtæki, sem endurselja vörur sem fluttar eru inn frá öðrum EES-ríkjum, gera með sér samning um ólögmeitt samráð í einu EES-ríki ⁽⁶⁵⁾.

⁽⁵⁹⁾ Um nýlegt dæmi sjá 95. mgr. dóms í Wouters-málinu sem vísað er til í 14. nmgr.

⁽⁶⁰⁾ Sjá t.d. mál 246/86, Belasco, [1989] ECR 2117, 32.–38. mgr.

⁽⁶¹⁾ Sjá 34. mgr. dóms í Belasco-málinu sem vísað er til í undanfarandi neðanmálgrein og síðar sameinuð mál T-202/98 o.fl., British Sugar, [2001] ECR II-2035, 79. mgr. Afur á móti háttar ekki svo til ef um líttinn innflutning er að ræða á markaðnum, sjá 51. mgr. dóms í Bagnasco-málinu sem vísað er til í 14. nmgr.

⁽⁶²⁾ Tryggingar vegna lánaþyrngreiðslu á veltureikningi.

⁽⁶³⁾ Sjá 51. mgr. dóms í Bagnasco-málinu sem vísað er til í 14. nmgr.

⁽⁶⁴⁾ Sjá í þessu tilliti mál 45/85, Verband der Sachversicherer, [1987] ECR 405, 50. mgr., og mál C-7/95 P, John Deere, [1998] ECR I-3111. Sjá einnig 172. mgr. dóms í málinu Van Landewyck sem vísað er til í 25. nmgr., en þar lagði Dómstóll Evrópubandalaganna áherslu á að samningurinn, sem um var að ræða, drægi merkjanlega úr hvata til að selja innfluttar vörur.

⁽⁶⁵⁾ Sjá t.d. dóms í málinu Stichting Sigareettenindustrie, sem vísað er til í 18. nmgr., 49. og 50. mgr.

3.2.2. Láréttir samstarfssamningar sem taka til eins EES-ríkis

83. Láréttir samstarfssamningar, einkum sameiginleg fyrirtæki sem gegna að fullu almennum hlutverkum fyrirtækis (sjá 66. mgr. hér á undan), sem taka til eins EES-ríkis aðeins og varða ekki innflutning og útflutning með beinum hætti, tilheyra ekki þeim flokki samninga sem geta samkvæmt eðli sínu haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Því getur reynst nauðsynlegt að athuga vandlega hvort hver einstakur samningur getur haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna.
84. Láréttir samstarfssamningar geta haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna einkum þegar þeir hafa þau áhrif að útiloka keppinauta. Þetta getur gerst þegar um ræðir samninga um stöðlun og vottun í heilli atvinnugrein sem útiloka annaðhvort fyrirtæki frá öðrum EES-ríkjum eða gera framkvæmdina auðveldari fyrirtækjum frá hlutaðeigandi EES-ríki vegna þess að þeir byggjast á reglum og hefðum í því landi. Við slíkar aðstæður gera samningarnir fyrirtækjum frá öðrum EES-ríkjum erfiðara um vik að komast inn á markað í landinu.
85. Viðskipti geta einnig orðið fyrir áhrifum þegar tilvist sameiginlegs fyrirtækis sviptir fyrirtæki í öðrum EES-ríkjum aðgangi að mikilvægum dreifingarleiðum eða uppsprettu eftirsurnar. Dæmi um þetta er ef tveir eða fleiri dreifingaraðilar, sem starfa í sama EES-ríki og hafa með höndum verulegan hluta innflutnings á vörinni sem um ræðir, sameinast um innkaup á þeirri vöru með því að stofna til sameiginlegs innkaupafyrirtækis, en það leiðir til fækkunar á dreifingarleiðum sem takmarkar möguleika birgja í öðrum EES-ríkjum á að komast inn á markað í viðkomandi landi. Viðskipti geta því orðið fyrir áhrifum ⁽⁶⁶⁾. Viðskipti geta einnig orðið fyrir áhrifum þegar fyrirtæki, sem áður fluttu inn tiltekna vöru, stofna til sameiginlegs fyrirtækis í því skyni að framleiða þá vöru. Samningurinn leiðir þá til breytinga á viðskiptamynstri milli EES-ríkjanna frá því sem var áður en samningurinn var gerður.

3.2.3. Lóðréttir samningar sem taka til eins EES-ríkis

86. Lóðréttir samningar, sem taka til eins EES-ríkis í heild, geta einkum haft áhrif á viðskiptamynstur milli EES-ríkjanna þegar þeir gera fyrirtækjum í öðrum EES-ríkjum erfiðara um vik að komast inn á markað í viðkomandi landi, hvort heldur sem er með útflutningi eða með því að hefja starfsemi þar (útilokunaráhrif). Þegar lóðréttir samningar valda útilokunaráhrifum af þessu tagi stuðla þeir að skiptingu markaðarins eftir löndum og hindra þannig þann efnahagslega samruna sem er tilgangur EES-samningsins ⁽⁶⁷⁾.
87. Um útilokun getur til að mynda verið að ræða þegar birgjar leggja kaupkvaðir á þá sem kaupa af þeim vörur ⁽⁶⁸⁾. Í Delimitis-málinu ⁽⁶⁹⁾, sem snerist um samninga milli brugghúss og eigenda bjórveitingastaða þess efnis að hinir síðarnefndu gengust undir það að kaupa ekki bjór frá öðrum brugghúsum, skilgreindi Dómstóll Evrópubandalaganna útilokun á þann veg að með samningunum væri dregið úr raunverulegum og áþreifanlegum möguleikum á að öðlast aðgang að markaðnum. Samningar leiða venjulega ekki til verulegra aðgangshindrana nema þeir taki til verulegs hluta markaðarins. Nota má markaðshlutdeild og markaðspekju til vísbendingar í þessu tilliti. Við slíkt mat verður að taka tillit ekki aðeins til þess samnings eða kerfis samninga sem um ræðir, heldur einnig samhliða kerfa samninga sem hafa svipuð áhrif ⁽⁷⁰⁾.
88. Lóðréttir samningar, sem taka til eins EES-ríkis í heild og varða vörur sem unnt er að eiga viðskipti með, geta einnig haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna enda þótt þeim fylgi ekki beinar viðskiptahindranir. Samningar um að fyrirtæki gangist undir bindandi endursöluverð geta haft bein áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna með því að auka innflutning frá öðrum EES-ríkjum og draga úr útflutningi frá viðkomandi EES-ríki ⁽⁷¹⁾. Samningar, sem fela í sér bindandi endursöluverð, geta einnig haft áhrif á viðskiptamynstur á mjög svipaðan hátt og lárétt verðsamráð. Ef verð, sem leiðir af ákvörðun um bindandi endursöluverð, er herra en verð sem tíðkast í öðrum EES-ríkjum er slík verðlagning því aðeins haldbær að unnt sé að hafa stjórn á innflutningi frá öðrum EES-ríkjum.

⁽⁶⁶⁾ Sjá í þessu tilliti mál T-22/97, Kesko, [1999] ECR II-3775, 109. mgr.

⁽⁶⁷⁾ Sjá t.d. mál T-65/98, Van den Bergh Foods, [2003] ECR II-, og dóm í málinu Langnese-Iglo, sem vísað er til í 38. nmgr., 120. mgr.

⁽⁶⁸⁾ Sjá t.d. dóm frá 7.12.2000, mál C-214/99, Neste, [2000] ECR I-11121.

⁽⁶⁹⁾ Sjá dóm frá 28.2.1991, mál C-234/89, Delimitis, [1991] ECR I-935.

⁽⁷⁰⁾ Sjá 120. mgr. dóms í málinu Langnese-Iglo sem vísað er til í 38. nmgr. Sjá einnig dóm í Hegelstad-málinu sem vísað er til í 20. nmgr.

⁽⁷¹⁾ Sjá t.d. ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í málinu Volkswagen (II), sem vísað er til í 24. nmgr., 81. mgr. og áfram.

3.2.4. Samningar sem taka aðeins til hluta EES-ríkis

89. Að því er varðar tegund viðskiptanna er farið með samninga, sem taka aðeins til hluta EES-ríkis, á sama hátt og samninga sem taka til eins EES-ríkis í heild. Af þessu leiðir að beitt er greiningu samkvæmt 2. undirkafla. Þegar metið er hvort áhrif á viðskipti sé merkjanleg er þó nauðsynlegt að greina á milli þessara tveggja flokka, þar eð taka verður tillit til þess að samningurinn tekur aðeins til hluta EES-ríkis. Jafnframt verður að horfa til þess hvað viðskiptin geta tekið til stórs hluta af landinu. Ef fyrirtækjum í öðrum EES-ríkjum reynist til að mynda óhagkvæmt vegna flutningskostnaðar eða seilingarsviðs atvinnutækja að sinna öllu landsvæði annars EES-ríkis geta viðskipti orðið fyrir áhrifum ef samningurinn hindrar aðgang að hluta landsvæðis EES-ríkis sem viðskiptin gætu náð til, að því tilskildu að sá hluti sé ekki óverulegur ⁽⁷²⁾.
90. Ef samningur lokar aðgangi að svæðisbundnum markaði teljast viðskipti ekki verða fyrir merkjanlegum áhrifum nema umfang vöruviðskipta, sem verða fyrir áhrifum, sé verulegt í hlutfalli við heildarumfang viðskipta með viðkomandi vörur í EES-ríkinu sem um ræðir. Slíkt mat getur ekki byggst einvörðungu á því til hvaða landsvæðis viðskiptin taka. Jafnframt ber að gefa markaðs-hlutdeild samningsaðilanna fremur takmarkað vægi. Þótt samningsaðilarnir hafi mikla markaðs-hlutdeild á vel skilgreindum svæðisbundnum markaði getur stærð þess markaðar enn verið óveruleg þegar litið er til umfangs viðskiptanna í samanburði við heildarviðskipti með viðkomandi vörur í EES-ríkinu sem um ræðir. Í flestum tilvikum er því talið að besta vísbendingin um hvort samningurinn getur haft (merkjanleg) áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna sé hversu stór hluti landsmarkaðarins lokast, reiknað í magni. Samningar, sem taka til svæða með mikilli eftirspurn, vega þess vegna þyngra en samningar sem taka til svæða með litilli eftirspurn. Til þess að lögsaga EES-réttar verði virk verður sá hluti landsmarkaðarins, sem lokast, að vera verulegur.
91. Samningar, sem eru svæðisbundnir í eðli sínu, geta ekki haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna sem slíkir. Þetta á við jafnvel þótt svæðisbundni markaðurinn liggja á landamærasvæði. Aftur á móti geta viðskipti orðið fyrir áhrifum ef sá hluti landsmarkaðarins, sem lokast, er verulegur, jafnvel þótt þessi markaður liggja ekki á landamærasvæði.
92. Í málum, sem tilheyra þessum flokki, er nokkra leiðsögn að hafa í dómaframkvæmd sem varðar hugtakið „verulegur hluti sameiginlega markaðarins“ í samsvarandi ákvæðum 82. gr. EB-sáttmálans ⁽⁷³⁾. Ef samningar hafa til að mynda þau áhrif að hindra keppinauta í öðrum EES-ríkjum frá því að öðlast aðgang að hluta EES-ríkis, sem er verulegur hluti Evrópska efnahagssvæðisins, ber að líta svo á að þeir hafi merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna.

3.2.5. Misnotkun markaðsráðandi stöðu í einu EES-riki

93. Ef fyrirtæki, sem nýtur markaðsráðandi stöðu í einu EES-riki í heild, grípur til markaðshindrandi misnotkunar geta viðskipti milli EES-ríkjanna venjulega orðið fyrir áhrifum. Misnotkun af því tagi gerir keppinautum í öðrum EES-ríkjum yfirleitt erfiðara um vik að komast inn á markaðinn, og viðskiptamynstur geta þá orðið fyrir áhrifum ⁽⁷⁴⁾. Til að mynda komst Dómstóll Evrópubandalaganna að þeirri niðurstöðu í Michelin-málinu ⁽⁷⁵⁾ að tryggðarafsláttarkerfi útilokaði keppinauta frá öðrum aðildarríkjum EB og hefði því áhrif á viðskipti í skilningi 82. gr. EB-sáttmálans. Í Rennet-málinu ⁽⁷⁶⁾ var það sömuleiðis niðurstaða dómstólsins að misnotkun, sem fylgin væri í kaupkvöðum á viðskiptavinum, útilokaði vörur frá öðrum aðildarríkjum EB.
94. Ef markaðshindrandi misnotkun hefur áhrif á skipan samkeppnismarkaðar í EES-riki, til dæmis með því að hrekja keppinaut af markaði eða auka hættuna á að það gerist, er einnig hugsanlegt að hún geti haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Ef fyrirtæki, sem hætt er við að sé hrakið af markaði, starfar aðeins í einu EES-riki hefur misnotkunin venjulega ekki áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Hins vegar geta viðskipti milli EES-ríkjanna orðið fyrir áhrifum ef fyrirtækið, sem misnotkunin beinist að, stundar útflutning til annarra EES-ríkja eða innflutning frá þeim ⁽⁷⁷⁾ og

⁽⁷²⁾ Sjá í þessu tilliti 177.–181. mgr. dóms í málinu SCK og FNK sem vísað er til í 16. mgr.

⁽⁷³⁾ Um þetta hugtak sjá dóm í málinu Ambulanz Glöckner, sem vísað er til í 14. mgr., 38. mgr., og mál C-179/90, *Merci convenzionali porto di Genova*, [1991] ECR I-5889, og mál C-242/95, *GT-Link*, [1997] ECR I-4449.

⁽⁷⁴⁾ Sjá t.d. 135. mgr. dóms í málinu BPB Industries og British Gypsum sem vísað er til í 25. mgr.

⁽⁷⁵⁾ Sjá mál 322/81, *Nederlandse Banden Industrie Michelin*, [1983] ECR 3461

⁽⁷⁶⁾ Sjá mál 61/80, *Coöperative Stremsel- en Kleursel-fabriek*, [1981] ECR 851, 15. mgr.

⁽⁷⁷⁾ Sjá í þessu tilliti dóm í málinu *Irish Sugar*, sem vísað er til í 20. mgr., 169. mgr.

starfar jafnframt í öðrum EES-ríkjum⁽⁷⁸⁾. Áhrif á viðskipti geta komið fram vegna varnaðaráhrifa misnotkunarinnar á aðra keppinauta. Ef markaðsráðandi fyrirtæki hefur með endurteknu framferði fengið á sig það orð að það beiti markaðshindrandi aðgerðum gagnvart keppinautum sem reyna að stunda beina samkeppni er líklegt að það dragi broddinn úr samkeppni keppinauta í öðrum EES-ríkjum, en þá geta viðskipti orðið fyrir áhrifum enda þótt þólandinn sé ekki frá öðru EES-ríki í því tilviki.

95. Þegar um ániðslu er að ræða, til dæmis verðmismunun og óhóflegt verð, geta aðstæður verið flóknari. Þegar viðskiptavinir innanlands eru beittir verðmismunun hefur það venjulega ekki áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Það getur þó gerst ef kaupendur stunda útflutning og standa höllum fæti vegna verðmismununar eða ef aðgerð af því tagi er notuð til að hindra innflutning⁽⁷⁹⁾. Aðgerðir, sem fólgnar eru í því að bjóða lægra verð þeim viðskiptavinum sem líklegast er að flytji inn vörur frá öðrum EES-ríkjum, geta gert keppinautum í öðrum EES-ríkjum erfiðara um vik að komast inn á markaðinn. Í slíkum tilvikum geta viðskipti milli EES-ríkjanna orðið fyrir áhrifum.
96. Meðan fyrirtæki er markaðsráðandi í einu EES-ríki í heild skiptir venjulega engu hvort tiltekin misnotkun þess markaðsráðandi fyrirtækis nær aðeins til hluta landsvæðisins eða snertir tiltekna kaupendur innanlands. Markaðsráðandi fyrirtæki getur hamlað viðskiptum verulega með misnotkun á þeim sviðum eða gagnvart þeim viðskiptavinum sem líklegast er að viðskiptum keppinauta frá öðrum EES-ríkjum yrði beint að. Til að mynda getur verið að tiltekin dreifingarleið sé einkar mikilvæg aðferð til að öðlast aðgang að breiðum hópum neytenda. Ef aðgangur að slíkum leiðum er hindraður getur það haft umtalsverð áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Þegar metið er hvort áhrif á viðskipti séu merkjanleg verður einnig að hafa hliðsjón af því að það eitt að markaðsráðandi fyrirtæki hefur starfsemi í heilu aðildarríki gerir öðrum fyrirtækjum að öllum líkindum erfiðara fyrir að komast inn á markaðinn. Af þeim sökum ber að líta svo á að hvers kyns misnotkun, sem gerir fyrirtækjum erfiðara um vik að komast inn á markað í landinu, geti haft merkjanleg áhrif á viðskipti. Þegar saman kemur að hið markaðsráðandi fyrirtæki hefur sterka markaðsstöðu og að framferði þess er samkeppnishindrandi í eðli sínu leiðir af því að slík misnotkun hefur venjulega samkvæmt eðli sínu merkjanleg áhrif á viðskipti. Ef misnotkunin er hins vegar fyllilega staðbundin í eðli sínu eða tekur aðeins til óverulegs hluta af sölu hins markaðsráðandi fyrirtækis í viðkomandi EES-ríki er hugsanlegt að viðskipti geti ekki orðið fyrir merkjanlegum áhrifum.

3.2.6. Misnotkun markaðsráðandi stöðu í hluta EES-ríkis eingöngu

97. Ef markaðsráðandi staða tekur aðeins til hluta EES-ríkis má, rétt eins og þegar um samninga er að ræða, hafa nokkra leiðsögn af því skilyrði 54. gr. að markaðsráðandi staða verði að taka til verulegs hluta Evrópska efnahagssvæðisins. Ef markaðsráðandi staða tekur til hluta EES-ríkis, sem er verulegur hluti Evrópska efnahagssvæðisins, og misnotkunin gerir keppinautum í öðrum EES-ríkjum erfiðara um vik að komast inn á markaðinn sem fyrirtækið hefur markaðsráðandi stöðu á, verður að jafnaði að líta svo á að viðskipti milli EES-ríkjanna geti orðið fyrir merkjanlegum áhrifum.
98. Þegar þessu viðmiði er beitt verður einkum að huga að stærð markaðarins með tilliti til sölumagns. Einstök héruð, og jafnvel hafnir eða flughafnir í EES-ríki, geta talist verulegur hluti Evrópska efnahagssvæðisins, og ræðst það af mikilvægi þeirra⁽⁸⁰⁾. Í síðarnefndu tilvikunum verður að taka tillit til þess hvort grunnvirkin, sem um ræðir, nýtast til að veita þjónustu yfir landamæri og þá að hvaða marki. Ef grunnvirki á borð við flughafnir og hafnir gegna mikilvægu hlutverki í tengslum við þjónustu yfir landamæri geta viðskipti milli EES-ríkjanna orðið fyrir áhrifum.
99. Eins og þegar um ræðir markaðsráðandi stöðu í einu EES-ríki í heild (sbr. 95. mgr. hér á undan) er hugsanlegt að viðskipti geti ekki orðið fyrir merkjanlegum áhrifum ef misnotkunin er fyllilega staðbundin í eðli sínu eða tekur aðeins til óverulegs hluta af sölu hins markaðsráðandi fyrirtækis.

⁽⁷⁸⁾ Sjá 70. mgr. dóms í málinu RTE (Magill) sem vísað er til í 30. nmgr.

⁽⁷⁹⁾ Sjá dóm í málinu Irish Sugar sem vísað er til í 20. nmgr.

⁽⁸⁰⁾ Sjá t.d. dómaframkvæmdina sem vísað er til í 73. nmgr.

3.3. Samningar og misnotkun sem varða inn- og útflutningsviðskipti við fyrirtæki í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins og samningar og aðgerðir með þátttöku fyrirtækja í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins

3.3.1. Almenn atriði

100. Ákvæði 53. og 54. gr. EES-samningsins taka til samninga og aðgerða sem geta haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna, enda þótt einn eða fleiri aðilanna starfi utan Evrópska efnahagssvæðisins ⁽⁸¹⁾. Ákvæði 53. og 54. gr. gilda óháð því hvar fyrirtækin starfa eða hvar samningurinn hefur verið gerður, að því tilskildu að samningurinn eða aðferðin komi annaðhvort til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu ⁽⁸²⁾ eða hafi áhrif þar ⁽⁸³⁾. Ákvæði 53. og 54. gr. geta einnig tekið til samninga og aðgerða sem varða lönd utan efnahagssvæðisins, að því tilskildu að slíkir samningar og aðgerðir geti haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Meginsjónarmiðið, sem kemur fram í 2. undirkafla hér á undan og felur í sér að samningurinn eða aðgerðin verði að geta haft merkjanleg áhrif, bein eða óbein, raunveruleg eða hugsanleg, á mynstur viðskipta milli EES-ríkjanna, gildir einnig þegar um ræðir samninga og misnotkun með þátttöku fyrirtækja sem starfa í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins eða varða inn- eða útflutningsviðskipti við lönd utan efnahagssvæðisins.

101. Til þess að lögsaga EES-réttar verði virk er nægilegt að samningur eða aðgerð, sem varðar lönd utan efnahagssvæðisins eða fyrirtæki sem starfa utan efnahagssvæðisins, geti haft áhrif á atvinnustarfsemi sem tekur til fleiri en eins EES-ríkis. Innflutningur til eins EES-ríkis getur nægt til að valda áhrifum af þessu tagi. Innflutningur getur haft áhrif á samkeppnisskilyrði í EES-rikinu sem flutt er til, en það getur aftur haft áhrif á útflutning og innflutning á samkeppnisvörum til og frá öðrum EES-ríkjum. Með öðrum orðum getur innflutningur frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins á grundvelli samningsins eða aðgerðarinnar beint viðskiptum milli EES-ríkjanna í nýjan farveg og haft þannig áhrif á viðskiptamynstur.

102. Þegar skilyrðinu um áhrif á viðskipti er beitt á ofangreinda samninga og aðgerðir er rétt að rannsaka meðal annars skjalfestan tilgang samningsins eða aðgerðarinnar eða hver tilgangur hlutaðeigandi fyrirtækis er ⁽⁸⁴⁾.

103. Ef samningurinn hefur það markmið að hamlar samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu er auðveldara að skera úr um hver áhrifin á viðskipti milli EES-ríkjanna þurfa að vera en þegar markmiðið er fyrst og fremst að stýra samkeppni utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í fyrrnefnda tilvikinu hefur samningurinn eða aðgerðin bein áhrif á samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu og á viðskipti milli EES-ríkjanna. Samningar og aðgerðir af því tagi, sem geta varðað bæði innflutning og útflutning, geta venjulega samkvæmt eðli sínu haft áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna.

3.3.2. Samningar sem gerðir eru með það að markmiði að hindra samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu

104. Þegar kemur að innflutningi nær þessi flokkur til samninga sem leiða til einangrunar landsvæðisins sem EES-samningurinn tekur til ⁽⁸⁵⁾. Þetta gerist til að mynda þegar keppinautar á Evrópska efnahagssvæðinu og utan þess gera með sér samninga um að skipta mörkuðum, til dæmis á þann hátt að stunda ekki sölustarfsemi hver á annars heimamarkaði eða með gagnkvæmum dreifingarsamningum (einkaleyfissamningum) ⁽⁸⁶⁾.

105. Þegar kemur að útflutningi tekur þessi flokkur til þess þegar fyrirtæki, sem stunda samkeppni í tveimur eða fleiri EES-ríkjum, semja um að flytja tiltekið magn af vörum (umframmagn) til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins með það að markmiði að samræma markaðsstarfsemi sína innan Evrópska efnahagssvæðisins. Með slíkum útflutningssamningum er slegið á verðsamkeppni með því að draga úr framboði á Evrópska efnahagssvæðinu, en það hefur áhrif á viðskipti milli EES-

⁽⁸¹⁾ Sjá í þessu tilliti mál 28/77, Tepea, [1978] ECR 1391, 48. mgr., og 16. mgr. dóms í málinu Continental Can sem vísað er til í 56. nmgr.

⁽⁸²⁾ Sjá sameinuð mál C-89/85 o.fl., Ahlström Osakeyhtiö (Woodpulp), [1988] ECR 651, 16. mgr.

⁽⁸³⁾ Sjá í þessu tilliti mál T-102/96, Gencor, [1999] ECR II-753, en þar er prófinu um áhrif beitt gagnvart fyrirtækjasamruna.

⁽⁸⁴⁾ Sjá í þessu tilliti 19. mgr. dóms í Javico-málinu sem vísað er til í 22. nmgr.

⁽⁸⁵⁾ Sjá í þessu tilliti mál 51/75, EMI v CBS, [1976] ECR 811, 28. og 29. mgr.

⁽⁸⁶⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í málinu Siemens/Fanuc, Stjtið. ESB L 376, 31.12.1985, bls. 29.

ríkjanna. Ef útflutningssamningurinn hefði ekki komið til er hugsanlegt að vörurnar hefðu verið seldar á Evrópska efnahagssvæðinu ⁽⁸⁷⁾.

3.3.3. Tilhögun af öðru tagi

106. Þegar um ræðir samninga og aðgerðir, sem hafa ekki það markmið að takmarka samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu, er venjulega nauðsynlegt að fram fari nákvæmari greining á því hvort atvinnustarfsemi, sem tekur til fleiri en eins ríkis á Evrópska efnahagssvæðinu, og þar með mynstur viðskipta milli EES-ríkjanna, geti orðið fyrir áhrifum.
107. Í þessu tilliti ber að rannsaka áhrif samningsins eða aðgerðarinnar á viðskiptavinum og aðra viðskiptaaðila á Evrópska efnahagssvæðinu sem nýta sér vörur fyrirtækjanna sem eiga aðild að samningnum eða aðgerðinni ⁽⁸⁸⁾. Í málinu *Compagnie maritime belge* ⁽⁸⁹⁾, sem varðaði samninga milli skipafélaga sem stunduðu siglingar milli hafna í EB-löndum og hafna í vestanverðri Afríku, var niðurstaðan sú að samningarnir gætu haft óbein áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB þar eð þeir yllu breytingum á þjónustusvæði þeirra hafna í EB-löndunum sem samningarnir taka til og hefðu áhrif á starfsemi annarra fyrirtækja á þeim svæðum. Nánar tiltekið hefðu samningarnir áhrif á starfsemi fyrirtækja sem treystu á samningsaðilana um flutningaþjónustu, annaðhvort í tengslum við flutninga á vörum sem keyptar væru eða seldar í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins eða sem mikilvægan hluta af þjónustu hafnanna sjálfra.
108. Viðskipti geta einnig orðið fyrir áhrifum þegar samningurinn kemur í veg fyrir endurinnflutning til Evrópska efnahagssvæðisins. Þegar getur gerst til dæmis þegar lóðréttir samningar milli birgja á Evrópska efnahagssvæðinu og dreifingaradila utan efnahagssvæðisins kveða á um takmarkanir á endursölu utan tiltekins svæðis, meðal annars til Evrópska efnahagssvæðisins. Ef unnt væri að selja vörurnar aftur til Evrópska efnahagssvæðisins og líklegt að svo yrði gert ef samningurinn hefði ekki komið til, getur slíkur innflutningur haft áhrif á viðskiptamynstur á Evrópska efnahagssvæðinu ⁽⁹⁰⁾.
109. Til þess að slík áhrif geti talist líkleg verður þó að koma til merkjanlegur munur á uppsettu verði fyrir vörurnar á Evrópska efnahagssvæðinu og uppsettu verði utan Evrópska efnahagssvæðisins, án þess að aðflutningsgjöld og flutningskostnaður eyði slíkum verðmun. Að auki má útflutt magn ekki vera óverulegt í samanburði við heildarmarkað fyrir vörurnar á landsvæðinu sem sameiginlegi markaðurinn tekur til ⁽⁹¹⁾. Ef vörumagnið er óverulegt í samanburði við það sem selt er á Evrópska efnahagssvæðinu teljast áhrif endurinnflutnings á viðskipti milli EES-ríkjanna ekki merkjanleg. Þegar þetta er metið ber ekki aðeins að horfa til samningsins sem aðilarnir hafa gert með sér heldur einnig uppsöfnunaráhrifa áþekkra samninga sem gerðir hafa verið á vegum sömu birgja og keppinauta þeirra. Verið getur, svo dæmi sé tekið, að einn tiltekinn samningur varði fremur lítið vörumagn, en að nokkrir slíkir samningar taki í sameiningu til verulegs vörumagns. Við þar aðstæður geta samningarnir sem heild haft merkjanleg áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna. Þó er rétt að rifja upp (sbr. 49. mgr. hér á undan) að hlutur hvers einstaks samnings eða kerfis samninga í heildaráhrifum á viðskipti verður að vera verulegur.

⁽⁸⁷⁾ Sjá í þessu tilliti sameinuð mál 29/83 og 30/83, CRAM og Rheinzinc, [1984] ECR 1679, og sameinuð mál 40/73 o.fl., Suiker Unie, [1975] ECR 1663, 564. og 580. mgr.

⁽⁸⁸⁾ Sjá 22. mgr. dóms í Javico-málinu sem vísað er til í 22. nmgr.

⁽⁸⁹⁾ Sjá 203. mgr. dóms í málinu *Compagnie maritime belge* sem vísað er til í 15. nmgr.

⁽⁹⁰⁾ Sjá í þessu tilliti dóm í Javico-málinu sem vísað er til í 22. nmgr.

⁽⁹¹⁾ Sjá í þessu tilliti 24.–26. mgr. dóms í Javico-málinu sem vísað er til í 22. nmgr.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2006/EES/59/07

(Mál COMP/M.3958 – Arcadis/Dura Vermeer/Imtech/Asset Rail/JV)

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. nóvember 2006 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollensku fyrirtækin Arcadis Infra BV („Arcadis“), Dura Vermeer Railinfra BV („Dura Vermeer“) og Imtech Infra BV („Imtech“) öðlast í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir hollenska fyrirtækinu Asset Rail BV, með kaupum á hlutafé í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Arcadis: stjórn framkvæmda og ráðgjafar- og verkfræðipjónusta í tengslum við mannvirkjagerð, byggingar, umhverfismál og samgöngur
 - Dura Vermeer: stjórn framkvæmda og byggingastarfsemi, bygging verslunar- og iðnaðarhúsnæðis og mannvirkjagerð
 - Imtech: raf- og véltækniþjónusta og upplýsinga- og fjarskiptatækni
 - Asset Rail: viðhald járnbrautarmannvirkja í Hollandi
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 289, 28. nóvember 2006). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.3958 – Arcadis/Dura Vermeer/Imtech/Asset Rail/JV, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4359 – Petroplus/ExxonMobil)**

2006/EES/59/08

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 17. nóvember 2006 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem hollenska fyrirtækið Petroplus International BV („Petroplus“), sem er undir yfirráðum hins bandaríska Riverstone Holdings LLC („Riverstone“) gegnum önnur fyrirtæki, öðlast með eignakaupum að fullu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir hluta fyrirtækisins ExxonMobil – ExxonMobil Central Europe Holding GmbH („ExxonMobil CEH“) í Þýskalandi.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Petroplus: hreinsun, geymsla og sala jarðolíu; alþjóðaviðskipti með jarðolíu
 - ExxonMobil CEH: rekstur olíuhreinsistöðvar í Ingolstadt og heildsala á hreinsuðum jarðolíuvörum
 - Riverstone Holdings LLC: fyrirtæki sem fjárfestir í óskráðum félögum
3. Að lokinni frumathugun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 139/2004. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 288, 25. nóvember 2006). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0) 22 96 43 01 og 22 96 72 44) eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.4359 – Petroplus/ExxonMobil, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Bruxelles/Brussel

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 56, 5.3.2005, bls. 32.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(Mál COMP/M.4376 – Dresdner Bank/Gazprombank/JV)

2006/EES/59/09

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 22. nóvember 2006 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýska fyrirtækið Dresdner Bank AG, sem tilheyrir þýsku samsteypunni Allianz, og rússneska fyrirtækið „Gasiðnaðarbankinn“ („Gazprombank“), sem tilheyrir rússnesku samsteypunni Gazprom, öðlast í sameiningu yfirráð í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfir lúxemborgska fyrirtækinu Carbon Trade & Finance SA („CTF“) með kaupum á hlutafé í nýstofnuðu sameiginlegu fyrirtæki.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Dresdner Bank: hvers kyns banka- og fjármálaþjónusta, m.a. viðskipti með koltvísyringslosunarkvóta Evrópusambandsins
 - Gazprombank: hvers kyns banka- og fjármálaþjónusta
 - CTF: fjárfestingar í verkefnum sem snúast um frumviðskipti með koltvísyringslosunarkvóta á grundvelli Kyoto-bókunarinnar og sala slíkra kvóta á afleiddum markaði
